# FRÉTTABLAÐIÐ

240. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 11. OKTÓBER 2016


# Þriðjungur flúinn vegna myglunnar

**Af þeim 400 starfsmönnum sem unnu í höfuðstöðvum Íslandsbanka hafa 150 verið færðir annað. Ástæðan er rakaskemmdir og mygla í húsinu. Starfsemi hefst í nýjum höfuðstöðvum í nóvember.**

**HEILSA** Hundrað og fimmtíu starfsmenn af þeim 400 starfsmönnum sem störfuðu í höfuðstöðvum Íslandsbanka á Kirkjusandi hafa verið færðir tímabundið á aðrar starfsstöðvar. Það eru 38 prósent starfsmanna. Ástæðan er rakaskemmdirnar í húsinu. Fólk, sem hefur fundið fyrir einkennum myglu, hefur verið flutt á starfsstöðvar bankans á Suðurlandsbraut, Lynghálsi og á Granda.

Edda Hermannsdóttir, samskiptastjóri Íslandsbanka, segir að stjórnendur Íslandsbanka fundi reglulega og fylgist vel með stöðunni og líðan starfsfólks.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það hvort húsnæði bankans á Kirkjusandi verður rifið. Starfsmenn bankans byrja að flytja í Norðurturninn í Smáralind í lok nóvember og eftir það verður tekin ákvörðun um framtíð hússins á Kirkjusandi. Þegar Íslandsbanki birti uppgjör fyrir fyrri helming ársins kom fram að virði húsnæðisins hefði verið fært niður um 1,2 milljarða vegna skemmdanna.

**150**

**starfsmenn Íslandsbanka á Kirkjusandi hafa þurft að flýja húsakynnin vegna myglusvepps.**

„Við tókum þessa lækkun á það núna af því að við vitum ekkert hvað verður um húsið,“ sagði Birna Einarsdóttir bankastjóri við Fréttablaðið um niðurfærsluna og bætti við að það myndi kosta miklar fjárhæðir að gera við húsið. Birna lagði áherslu á að Reykjavíkurborg fari með skipulagsvaldið og húsið yrði ekki rifið án samráðs við borgaryfirvöld.

Fram hefur komið að nýtt útibú Íslandsbanka verði opnað í Norðurturninum í nóvember. Hefur vinna við sameiningu útibúa staðið yfir í nokkra mánuði. Útibúin í Þarabakka, á Digranesvegi og Garðatorgi verða sameinuð í eitt útibú. **– jhh**



Hin átta ára gamla Eirika Egilsdóttir hefur fengið að heyra það frá jafnöldrum sínum sínum á skólalóðinni að brúnir eiga að leika við brúna. Og hvítir við hvíta. Móðir hennar veit um fleiri börn sem hafa orðið fyrir álíka fordómum. Fræðslustjóri Akureyrar segir mikilvægt að uppræta fordóma. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Mikil ásókn í styrki vegna rafbílavæðingar

**UMHVERFISMÁL** Alls sóttu 33 aðilar, einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög, um styrkfé í tengslum við átaksverkefni stjórnvalda í rafbílavæðingu landsins. Alls verður 200 milljónum veitt í verkefnið næstu þrjú ár, 67 milljónir ár hvert, en heildarupphæð umsókna nam 800 milljónum. Hámarksupphæð styrks fyrir hvert verkefni er 30 milljónir króna en tvær milljónir að lágmarki.

„Það eru margir sem hafa stórar hugmyndir um uppbygginguna. Umsækjendur tala um að á næstu árum muni þrýstingur á fjölgun rafbíla aukast stórlega, og ef ríkið ætlar að koma að því þá þurfi að bæta í,“ segir Jakob Björnsson, framkvæmdastjóri Orkumálasjóðs. **- shá /** **sjá síðu 6**



Jakob Björnsson, framkvæmdastjóri Orkusjóðs

# Óvissa um afdrif frumvarpsins eftir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar

**UMHVERFISMÁL** Óljóst er hvað verður um frumvarp iðnaðarráðherra sem heimilar Landsneti að leggja raflínur frá Kröflustöð að Bakka. Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál felldi í gær úr gildi framkvæmdaleyfi Landsnets fyrir Kröflulínu 4. Skútustaðahreppur gaf leyfið út í apríl. Það var mat nefndarinnar að sveitarfélagið hefði brotið gegn náttúru-, skipulags- og stjórnsýslulögum.

Síðustu daga hefur frumvarpið verið eitt helsta bitbein þingmanna. „Það er ljóst að forsendurnar, sem liggja að baki frumvarpinu, eru í uppnámi. Meirihlutinn verður að endurmeta málið frá grunni. Þá væri eðlilegast, og í samræmi við gott réttarríki, að leyfa úrskurðarnefndinni að hafa sinn gang,“ segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna.

„Úrskurðurinn tekur til eins þáttar í mjög stórri framkvæmd og eftir sem áður eru mjög ríkir almannahagsmunir að málið haldi áfram,“ segir Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar. Hann segir að enn eigi eftir að skýrast hvort frumvarpið taki breytingum í kjölfar úrskurðarins. „Þessu máli var ýtt úr vör af síðustu ríkisstjórn og ég trúi ekki öðru en að þingið nái saman um viðunandi niðurstöðu.“

Snorri Baldursson, formaður Landverndar, fagnar niðurstöðunni. „Þetta er sigur fyrir náttúru Íslands og umhverfisverndarsamtök.“

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, segir að farið verði yfir úrskurðinn á komandi dögum og næstu skref ákveðin í kjölfarið. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið. **– jóe**



Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sigríður Víðis skrifar um deyjandi börn í sturluðu stríði. 13

**SPORT** Sigur U-21 á Úkraínu í dag gæti haft jákvæð margföldunaráhrif á íslenskan fótbolta. 16

**MENNING** Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Ourania Menelaou píanóleikari flytja í kvöld verk sem heyrðist í fyrsta sinn á Íslandi vestur á Ísafirði. 22

**LÍFIÐ** Danshöfundar Beyoncé, José Hollywood og KK Harris, og halda námskeið fyrir íslenska dansara hér á landi. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● VETRARDEKK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðaustan 8-15 m/s og rigning um allt sunnan- og vestanvert landið en þurrt að kalla, og bjartviðri norðaustantil. Áfram hlýtt í veðri, allt að 13 stiga hiti norðanlands. SJÁ SÍÐU 20

# Forsetinn heimsótti Langholtsskóla



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri kynntu í gær forvarnardaginn auk samtaka og bakhjarla sem að deginum standa. Kynningin fór fram í Langholtsskóla. Forvarnardagurinn sjálfur er á morgun í flestum 9. bekkjum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sjókvíaeldi á norsku eldiskyni er afar umdeilt.

# Nýrnaveiki í laxaseiðum

**FISKELDI** Nýrnaveiki kom upp í tveimur seiðaeldisstöðvum í sumar og nú í haust. Slátra þurfti mörg þúsund laxaseiðum. Fyrra tilvikið kom upp hjá Bæjarvík ehf. í Tálknafirði og hitt hjá Arctic Smolt, sem er með starfsemi þar í grenndinni.

Gísli Jónsson, sérgreinalæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, staðfesti nýrnaveikismitin í samtali við Vísi sem sagði fyrst frétt af þessu í gær. Gísli segir þar að nýrnaveiki skjóti upp kollinum reglulega. Tvær stöðvar greindust með smit núna, engin í fyrra en 2014 komu upp tvö tilfelli.

**» Landssamband veiðifélaga vill að fleiri leyfi verið ekki gefin fyrr en áhættugreining hefur farið fram.**

Landssamband veiðifélaga sendi frá sér fréttatilkynningu í kjölfarið þar sem lýst er þungum áhyggjum af fréttum af nýrnaveiki. „Eru þær fregnir í sterkri andstöðu við það sem haldið hefur verið fram að íslenskt fiskeldi sé sjúkdómafrítt og ógni ekki stofnum villtra fiska. Þá harmar LV að ekki hafi verið upplýst um að sjúkdómar hafi komið upp í umræddum stöðvum strax í vor, heldur hafi þurft eftirgrennslan fjölmiðla til.

Landssambandið krefst þess að ekki verði frekari leyfi til eldis gefin út fyrr en farið hefur fram ítarleg áhættugreining á eldi frjórra norskra laxa með tilliti til mengunar, sjúkdóma og erfðamengunar. – shá



Edda Heiðrún Backman borin til grafar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Edda Heiðrún jarðsungin

**SAMFÉLAG** **Edda Heiðrún Backman, leik- og myndlistarkona, var jarðsungin frá Hallgrímskirkju í gær. Hún lést þann 1. október síðastliðinn, 58 ára að aldri, eftir meira en áratugar glímu við MND-sjúkdóminn.**

**Edda útskrifaðist með leikarapróf frá Leiklistarskólanum árið 1983 og átti farsælan feril sem leikari, bæði í sjónvarpi og á sviði.**

# Margbrotinn eftir árekstur við kanínu

## Hlöðver Jökulsson slasaðist illa eftir að hann hjólaði á kanínu í Elliðaárdalnum. Lungað féll saman og bein brotnuðu. Hann brýnir borgina til verka gegn fjölgun kanína sem hann segir að viss um að hafa valdið fleri slysum.



Hlöðver slasaðist illa og er með mörg brotin rifbein. Hann brýnir borgaryfirvöld til verka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SAMFÉLAG** „Hvað þarf að gerast til þess að borgin fari að taka á sig rögg og gera eitthvað í þessu,“ segir Hlöðver Bernharður Jökulsson sjúkraþjálfari. Hann er slasaður og bersýnilega sárþjáður eftir að hafa hjólað á kanínu í Elliðaárdalnum á leið í vinnuna á föstudagsmorgun. Hann féll af hjólinu og á tré með þeim afleiðingum að lungað féll saman og rifbein 3 til 7 eru brotin. Þar af eru einhver þeirra tvíbrotin. Þá er annað herðablaðið sprungið þvert yfir.

„Þetta gerist allt svo snöggt og ég man bara að ég skell á trénu og hendist aftur á bak og svo bara dofna ljósin hægt og rólega af því að ég næ ekki andanum,“ segir Hlöðver. Hann telur að liðið hafi á bilinu fimmtán til tuttugu mínútur þangað til að kona í nágrenninu verður hans vör og hún hringir á 112. „Þá er ég bara að berjast við að ná andanum. Lungað er fallið saman og ég ligg á bakinu og finn við hvern andardrátt hvernig brestur og smellur í öllu og er jafnframt að hósta blóði og reyna að hreinsa öndunarfærin,“ segir Hlöðver. Hann segir að fleira fólk hafi síðan drifið að en honum fannst heil eilífð þangað til sjúkrabíllinn kom. Hann var síðan fluttur á slysadeildina. Þar voru bara öll föt klippt utan af mér því að þeir gátu ekkert skoðað mig nógu vel. Hann var svo settur í CT-skanna þar sem kom í ljós að lungað var fallið saman. Hann fór svo á gjörgæslu þar sem hann var í sólarhring áður en hann fór á almenna deild.

Hlöðver leggur áherslu á það að hann sé enginn keppnishjólamaður heldur eigi hann bara venjulegt hjól. Hraða eða glannaskap verði ekki kennt um. Hann ítrekar ákall sitt um að Reykjavíkurborg grípi til aðgerða vegna þessara kanína. „Ég er alveg viss um að ég er ekki sá eini sem hefur lent í því að detta út af þessum kanínum. Það hafa örugglega líka einhverjar aftanákeyrslur orðið út af kanínum,“ segir Hlöðver. „Mér finnst vera kominn tími til að gera eitthvað í málinu,“ bætir hann við.

jonhakon@frettabladid.is

> **Ég er alveg viss um að ég er ekki sá eini sem hefur lent í því að detta út af þessum kanínum.**
>
> Hlöðver Jökulsson sjúkraþjálfari




**Nicorette Cooldrops munnsogstöflur** (inniheldur nikótín) er notað við tóbaksfíkn. Það dregur úr fráhvarfseinkennum og reykingaþörf og auðveldar reykingamönnum að venja sig af reykingum. Skammtar: Börn: Lyfið má einungis nota handa unglingum (12-17 ára) skv. ráðleggingum læknis. Börn yngri en 12 ára mega ekki nota lyfið. Fullorðnir: 2 mg henta reykingafólki sem er lítið háð nikótíni. 4 mg þeim sem er mjög háðir nikótíni. Hámarksdagskammtur er 15 stk. Ekki á að nota lyfið lengur en 9 mánuði. Venjulega vegur ávinningur af að hætta að reykja þyngra en áhætta sem fylgir nikótínmeðferð. Setja á 1 munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Hvorki má tyggja hana né gleypa. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting, nýlegt heilablóðfall og/eða óstöðugt blóðrásarkerfi skal einungis nota Nicorette undir eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, óméðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við lækni. Nikótín berst yfir fylgju og getur haft áhrif á blóðrás og öndun fósturs. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-L/K-2016-08-1




**MILLJÓNIR Á EINN MIÐA** | DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Vænlegast til vinnings

PIPAR\TBWA • SÍA • 156137

# Algengara að hundar fái Alzheimer-sjúkdóminn

**GÆLUDÝR** „Þetta er að verða sífellt algengara því hundar lifa mun lengur en áður. Við verðum meira vör við þetta enda er þetta sjúkdómur sem kemur frekar fram á efri árum,“ segir Hanna Arnórsdóttir dýralæknir. Sá hluti dýralækninga sem er hvað ört vaxandi miðar að því að vinna bug á öldrunarsjúkdómum gæludýra. Einn þessara sjúkdóma, sem hefur verið nefndur hunda-Alzheimer greinist nú æ oftar vegna lengri lífaldurs hunda.

Eins og hjá mannfólki hefur sjúkdómurinn í för með sér minnisglöp. Einkenni sjúkdómsins eru þau að hundurinn virðist ekki kannast við sig, til dæmis heima hjá sér, hann vakir og vælir á næturnar en sefur á daginn og fer að missa saur og þvag innandyra. „Við greinum hundana með útilokunargreiningu. Heilinn fer að hrörna, boðefni breytast og blóðflæði minnkar jafnvel til heilans,“ segir Hanna. En það er ekki ósvipað því sem gerist þegar menn fá Alzheimer-sjúkdóminn.

Á síðustu árum hafa dýralæknar byrjað að gefa hundum með elliglöp Alzheimer-lyfið selegiline en það er almennt notað til að bregðast við Alzheimer í mönnum. Samkvæmt rannsóknum hefur lyfið virkað mjög vel. Hanna segir mikilvægt fyrir hunda sem glíma við sjúkdóminn að þeir fái góða hreyfingu og örvun. Mikilvægt sé að fæðan sé rétt, þannig að þeir fái allt sem til þarf, svo að þeir viðhaldi góðri blóðrás og heilastarfsemin líði engan skort.

> **Miðað við hvað það eru til margar tegundir, hunda og hversu breytilegir þeir eru í stærð og vinnu þá er ekki ólíklegt að þetta liggi frekar í ákveðnum línum.**
>
> Hanna Arnórsdóttir dýralæknir


**Alzheimer-sjúkdómurinn hrjáir hunda upp úr tólf ára aldri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki liggur fyrir hvort Alzheimer-sjúkdómurinn finnist frekar hjá einhverjum sérstökum hundategundum en öðrum. „Miðað við hvað það eru til margar tegundir hunda og hversu breytilegir þeir eru í stærð og vinnu þá er ekki ólíklegt að þetta liggi frekar í ákveðnum línum,“ segir Hanna.

Hanna segir að sjúkdómurinn sé ekki greindur í einni heimsókn heldur að um framsækin einkenni sé að ræða sem aukast á meðan hundinum versnar. Hún telur að sjúkdómurinn láti bera á sér fyrst við tólf til þrettán ára hundum. **– þh**


**Lúpína þekur orðið 300 til 400 ferkílómetra lands.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lúpína þekur stór svæði

**UMHVERFI** Kortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands á útbreiðslu og flatarmáli alaskalúpínu sýnir að heildarflatarmál hennar árið 2016 er að lágmarki 314 ferkílómetrar. Mest er lúpína á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Norðausturlandi. Alaskalúpína er skilgreind sem ágeng, framandi plöntutegund hér á landi.

Langmest er hún á Suðurlandi og Norðausturlandi en í þeim landshlutum hefur hún mest dreift sér. Á Suðvesturlandi, einkum á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ, er einnig mikil lúpína. **– shá**

## Banna sölu á skotkökum

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur tekið ákvörðun um sölubann á CAKE-skoteldum frá E-þjónustunni. Við prófun kom í ljós að þegar skotkökur af þessari tegund voru prófaðar leið of langur tími frá því að kveikt var á kveikiþræði þar til kviknaði á skotkökunni.

Í frétt á vef Neytendastofu segir að alvarleg hætta sé fólgin í því að fólk telji að ekki hafi kviknað í skotkökunni og snýr aftur að kökunni sem þá tekur að springa. Um kveikitíma skotelda gilda sett ákvæði í stöðlum. **– ibs**

# Bregðast við eftir að ung stúlka varð fyrir kynþáttafordómum

**Börnin læra það sem fyrir þeim er haft segir móðir stúlku sem varð fyrir kynþáttafordómum á skólalóð á Akureyri. Fræðslustjóri bæjarins segir mikilvægt að allir leggist á eitt og uppræti fordóma sem þessa.**

**SAMFÉLAG** Átta ára stúlka varð fyrir kynþáttafordómum af jafnaldra sínum á skólalóð á Akureyri fyrr í haust. Var stúlkunni tjáð af jafnaldranum að brúnir léku sér við brúna og hvítir við hvíta. Fræðslustjóri Akureyrar brýnir fyrir öllum þeim sem umgangast börn að gæta orða sinna í hvívetna.

Atvikið átti sér stað fyrir skömmu í frímínútum skólans. Katrín Mörk Melsen, móðir stúlkunnar, segir þessi ummæli barnsins auðvitað ekki komin frá því sjálfu. Líkast til heyri barnið þessi ummæli útundan sér og apar þau upp.

„Börnin auðvitað læra það sem fyrir þeim er haft og því hefur þessi talsmáti komið frá einhverjum. Einhvers staðar hefur barnið heyrt þetta og notað á dóttur mína. Börn á þessum aldrei vita í sjálfu sér ekkert hvað þau eru að segja með þessu,“ segir Katrín. „Við þurfum bara að vera á varðbergi fyrir þessu og fræða börnin okkar um að orð sem þessi geta meitt.“

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar, segir miklu máli skipta að kenna börnum umburðarlyndi og að þessi hegðun sé ekki liðin innan skóla bæjarins. „Við búum í fjölbreyttum heimi og fjölbreytileikinn okkar hér á Akureyri er styrkur okkar. Í skólum okkar á Akureyri kennum við börnunum að virða fjölbreytileikann,“ segir Soffía.

„Einnig vinnum við gegn öllum fordómum, hvort sem það eru fordómar gagnvart litarhætti, holdafari, stærð, hárlit eða öðru. Það er markvisst kennt í okkar skólum. Því er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn barna hjálpi okkur svo allir fái notið sín,“ bætir Soffía við.


**Erika Rakel Egilsdóttir ásamt móður sinni, Katrínu Mörk Melsen.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **„Við þurfum bara að vera á varðbergi fyrir þessu og fræða börnin okkar um að orð sem þessi geta meitt.**
>
> Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri

Katrín Mörk segir þetta ekki vera einsdæmi heldur hafi dóttir hennar einnig þurft að hlusta á svona tal í fyrra, þegar hún var í 2. bekk. „Einnig veit ég um fleiri börn sem þurft hafa að þola viðlíka ummæli. Vonandi erum við ekki komin á einhvern stað þar sem ekki er hægt að snúa ofan af svona hugsunarhætti,“ segir Katrín Mörk.

**sveinn@frettabladid.is**





Síminn
Lifðu þig inn í
Sjónvarp Símans
Premium
með Heimilispakka Símans
Yfir 5.500 klukkustundir af heilum þáttaröðum
þegar þér hentar. Svona á sjónvarp að vera.
Sjónvarp Símans Premium
Sjónvarp Símans Appið
Sjónvarpsþjónusta Símans
9 erlendar sjónvarpsstöðvar
Endalaus heimasími
Netið 250 GB
Spotify Premium
Heimilispakkinn
13.000 kr./mán.
Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.
Pantaðu Heimilispakkann í síma 800 7000
eða opnaðu Netspjall á siminn.is



Heilbrigðisyfirvöld í Svíþjóð segja samfellu verða að vera í áfengispólitíkinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vilja banna sölu áfengis á netinu

**SVÍÞJÓÐ** Sænska velferðarráðuneytið leggur til bann við netsölu á áfengi. Samfella verði að vera í stefnunni í áfengismálum og þá sé ekki hægt að leyfa nýjar viðskiptaleiðir samhliða áfengisverslun ríkisins.

Nú geta einstaklingar í Svíþjóð keypt áfengi á netinu frá um hundrað fyrirtækjum og fengið vöruna senda heim. Samkvæmt tillögu velferðarráðherra á að banna slík netviðskipti. – **ibs**

## Danir aðstoði vegna Brexit

**DANMÖRK** Danski þjóðarflokkurinn hvetur dönsku ríkisstjórnina til að aðstoða við að tryggja sem besta samninga fyrir Breta vegna Brexit. Alls ekki eigi að refsa þeim.

Fulltrúi Venstre á Evrópuþinginu segir að málið snúist um hvernig haga eigi samskiptum við Breta þannig að þau gagnist Danmörku sem best en ekki öfugt. Vilji land fá aðgang að innri markaðnum verði það að veita öðrum aðgang. – **ibs**

## Forsætisráðherra á fótboltavelli



Drengirnir í U21 árs landsliðinu í knattspyrnu æfðu á Laugardalsvelli í gær fyrir lokaleik síns riðils í undankeppninni fyrir EM. Leikið er gegn Úkraínu klukkan 16.45 í dag en sigur tryggir liðinu farseðil í lokakeppnina. Forsætisráðherra landsins, Sigurður Ingi Jóhannsson, kikti á æfinguna og lék á als oddi. Hann viðurkenndi þó í samtali við fréttamenn að draumur hans um að verða atvinnumaður sé líklega úti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sótt um 800 milljónir en 200 í boði

**Áhugi á uppbyggingu hleðslustöðva fyrir rafbíla var mun meiri en stjórnvöld gerðu ráð fyrir í átaksverkefni. Eigið framlag verkefna á móti styrkfé er milljarður. Sótt er um 800 milljónir í 200 milljóna styrkjapott stjórnvalda. Einstök verkefni sögð lýsa stórhug.**

**UMHVERFISMÁL** Mikill áhugi á átaksverkefni stjórnvalda, Rafbílar – átak í innviðum, kom ljóslega fram í fjölda styrkumsókna frá fyrirtækjum og sveitarfélögum – en verkefnið miðar að því að gert verði átak í að efla innviði fyrir hleðslu rafbíla á landsvísu á komandi árum. Sótt var um fjórfalt hærri upphæð en stjórnvöld ætla til verkefnisins á næstu þremur árum, eða rétt tæplega 800 milljónir króna.

Á fjárlögum 2016 er að finna tímabundna fjárheimild að fjárhæð 67 milljónir króna á ári, í þrjú ár, fyrir verkefnið sem er hluti af sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Er verkefnið eitt af átta verkefnum í sóknaráætluninni sem miða að samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

> **Það eru margir sem hafa stórar hugmyndir um uppbygginguna.**
>
> Jakob Björnsson, framkvæmdastjóri Orkusjóðs



**200** milljónir í styrki eru í boði

**1.000** milljónir vilja umsækjendur leggja fram sjálfir

**800** milljónir er sótt um

**33** umsóknir bárust

Jakob Björnsson, framkvæmdastjóri Orkusjóðs, sem fellur undir Orkustofnun, segir áhugann á verkefninu meiri en búist var við; alls bárust 33 umsóknir frá sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Að svo stöddu er ekki hægt að gefa upp hverjir sóttu um, en einhver skörun umsókna er ekki útilokuð. Stóra myndin liggur þó fyrir.

„Heildarupphæðin sem sótt er um er 800 milljónir króna. Áætlaður kostnaður við verkefnin sem um ræðir er rétt um tveir milljarðar króna þannig að áhuginn er gríðarlegur,“ segir Jakob og bætir við að augljóslega fái ekki allir það sem sóst er eftir.

Hægt var að sækja um verkefni sem eru til eins, tveggja eða þriggja ára. Eingöngu eru veittir styrkir til fjárfestinga og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði hvers verkefnis, sem þýðir að sá sem sækir um ætlar að leggja fram sömu upphæð, eða meira eins og tölurnar sýna en hugmyndir um uppbygginguna í umsóknum eru um milljarður – 200 milljónum meira en ef um krónu á móti krónu væri að ræða. Hámarksupphæð styrks fyrir hvert verkefni er 30 milljónir en tvær milljónir að lágmarki.

„Það eru margir sem hafa stórar hugmyndir um uppbygginguna. Umsækjendur tala um að á næstu árum muni þrýstingur á fjölgun rafbíla aukast stórlega, og ef ríkið ætlar að koma að því þá þurfi að bæta í,“ segir Jakob og vísar til texta umsóknanna. **svavar@frettabladid.is**


LYFJA – Lifið heil

Fyrir þig í Lyfju

Strepsils

Dregur úr eymslum og ertingu í hálsi

- á aðeins 5 mínútum




**Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm munnsogstöflur. Samantekt á eiginleikum lyfs - styttur texti SPC. Innihaldsefni:** 2,4-tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg, amýlmetakresól 0,6 mg. **Ábendingar:** Eymsli og erting í hálsi. **Skammtar og lyfjagjöf:** Strepsils Cool: Fullorðnir og börn 12 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Jordbær Sukkerfri/Strepsils Warm: Fullorðnir og börn 6 ára og eldri: 1 munnsogstafla er látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Börn á aldrinum 6-11 ára: Lyfið skal gefa undir eftirliti fullorðins aðila. Börn yngri en 6 ára: Vegna lyfjaformsins skal notkun takmarkast við börn eldri en 6 ára. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna. **Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun:** Ekki nota stærri skammt en ráðlagður er. Sjúklingurinn skal leita læknis ef hann er í vafa eða ef einkenni lagast ekki eða versna innan nokkurra daga. Strepsils Cool/Strepsils med Honning & Citron/Strepsils Warm inniheldur glúkósa og súkrósa. Sjúklingar með frúktósaóþol, glúkósa-galaktósavanfrásog eða súkrasa-ísómaltasaþurrð, sem eru sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Strepsils Jordbær Sukkerfri inniheldur ísómalt og maltitól sem geta haft væg hægðalosandi áhrif. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki taka lyfið. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




## Best hannaði bíllinn í sínum flokki!

Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Verðdæmi:**
Hyundai i20 Classic – dísil – beinskiptur, eyðsla frá 3,6 l/100 km*
Verð: 2.590.000 kr. - Verð á mánuði: 39.153 kr.**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

reddot award winner car design

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

**Mánaðarleg afborgun miðast við 10% útborgun og reiknuð út frá reiknivél fjármögnunarfyrirtækisins Lykill.is til 84 mánaða. Bílalánstölur geta breyst án fyrirvara. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,89%. Nánari upplýsingar um lánaskilmála á www.lykill.is

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Beinin eru af hávöxnum karlmanni

**Fornmeinafræðingur telur að beinin sem fundust á bökkum Eldvatns í byrjun mánaðar séu af karlmanni á fertugsaldri. Bein hans benda til að hann hafi verið þrekinn og ágætlega hraustur þegar hann lést. Hann mun hafa verið hávaxinn miðað við samtíðarmenn.**

**FORNLEIFAR** Lestur í bein fornmannsins sem fundust í landi Ytri-Ása í Skaftártungu í byrjun mánaðarins sýna að um frekar hávaxinn karlmann var að ræða sem var nokkuð þrekvaxinn og vel haldinn.

Hildur Gestsdóttir, fornmeinafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands, hefur rannsakað beinin sem gæsaskyttur fundu á bökkum Eldvatns, aðeins nokkra tugi metra frá þeim stað þar sem annar hópur gæsaveiðimanna fann sverð frá tíundu öld í september. Er sá fundur talinn einn sá merkasti í íslenskri fornleifafræði í langan tíma enda slíkir fundir fátíðir. Nærtækt er að álykta að beinin séu af eiganda sverðsins, þó sérfræðingar treysti sér ekki til að fullyrða að svo sé.

Beinin sem fundust eru vinstri fótleggur og mjaðmabein fornmannsins, en þó ekki sé úr miklu að moða er ótrúlegt hvað Hildur getur þó séð mikið út frá jarðneskum leifum þessa manns sem var lagður til hinstu hvílu á tíundu öld, að því gefnu að sverðið umtalaða sé hans.

„Af því að ég er með mjaðmarbeinið þá get ég séð að þetta er karlmaður. Líklegast hefur hann verið á fertugsaldri, og frekar hávaxinn miðað við sína samtíðarmenn eða sirka 1,72 metrar á hæð. Þó eru skekkjumörkin töluverð þar sem ég er bara með eitt bein,“ segir Hildur.

Spurð um hvort eitthvað sé hægt að merkja um heilsufar mannsins eða líkamlegt atgervi hans að öðru leyti á meðan hann lifði, segir Hildur að merki séu um að einhvern tímann hafi hann glímt við sýkingu. „Ég get ekki sagt meira um það en get sagt að hann var stórgerður og hraustlega byggður – það er þyngd í beinunum og má ætla að hann hafi verið ágætlega hraustur þegar hann lést,“ segir Hildur.



> **Af því að ég er með mjaðmarbeinið þá get ég séð að þetta er karlmaður. Líklegast hefur hann verið á fertugsaldri, og frekar hávaxinn miðað við sína samtíðarmenn eða sirka 1,72 metrar á hæð.**

**Hildur Gestsdóttir hefur lesið í bein fornmannsins – sem hugsanlega var eigandi sverðs frá 10. öld sem einnig fannst fyrir stuttu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hildur segir blaðamann vera að teygja sig mjög langt þegar er spurt um hvort eigandi beinanna hafi verið veginn, enda afar sjaldgæft að nokkuð sé hægt að segja um dánarorsök út frá fundi eins og þessum. „Af öllum þeim hundruðum beina sem ég hef skoðað get ég talið það á fingrum annarrar handar þar sem ég treysti mér til að segja eitthvað um dánarorsök – enda erum við oftast að leita að einhverju um líf fólks frekar en dánarorsök. Slíkt er varla sjáanlegt nema merki séu um einhvers konar áverka,“ segir Hildur og bætir við að sjaldan sjáist merki á beinum fullorðinna frá þessum tíma að viðkomandi hafi liðið skort. Það sjáist hins vegar frekar á beinum barna; merki um beinkröm eða vítamínskort svo dæmi sé tekið.

Frekari rannsóknir á beinunum eru ekki á dagskrá – þó Hildur útiloki alls ekki að frekari rannsóknir verði gerðar síðar en mikill áhugi er á rannsóknum á beinagrindum á Íslandi – bæði hjá vísindamönnum og nemum. Beinin verða eftirleiðis varðveitt á Þjóðminjasafninu.

svavar@frettabladid.is





Upplifun af akstrinum verður allt önnur þegar þú ert með réttu músíkina og þá skipta hljómgæðin öllu máli. Þess vegna ákvað Volkswagen að fara í samstarf við Beats by Dr. Dre™ og gera Polo sem fer lengra en nokkru sinni áður í góðum hljómburði. Hlustaðu nú vel og fáðu þér Polo!

VW Polo Beats, verð frá:

**3.290.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á nýlegum bíl á lægra verði

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með lægri eyðslu og minna viðhaldi. Þeir eru jafnframt öruggari en eldri bílar.



**VERÐ: 1.490.000 kr.**
**Citroën C1 Feel** SBL31
Skráður maí 2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 30.500 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár



**TILBOÐ 1.650.000 kr.**
**Citroën C3 Seduction** SRE78
Skráður júlí 2013, 1,4 TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 50.000 km. Litur: Rauður
~~Verð: 1.890.000 kr.~~




**VERÐ: 2.590.000 kr.**
**Peugeot 508 Active** RLF72
Skráður janúar 2014, 1,6Hdi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 128.000 km. Litur: Grár



**VERÐ 2.090.000 kr.**
**Citroën C4 Cactus Live** RXZ72
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskiptur
Ekinn 60.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár/svartur




**TILBOÐ: 2.390.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** LSG25
Skráður apríl 2014, 1,6i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 68.000 km. Litur: Grár
~~Verð 2.650.000 kr.~~



**VERÐ: 2.490.000 kr.**
**Mazda3 Vision** RFT02
Skráður maí 2015, 2,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 58.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfur



**TILBOÐ 3.290.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium** BKL92
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 104.000 km. Litur: Silfurgrár
~~Verð 3.590.000 kr.~~




**TILBOÐ: 2.350.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** OBA10
Skráður mars 2015, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 56.000 km. Litur: Ljósbrúnn
~~Verð 3.650.000 kr.~~



**VERÐ 2.690.000 kr.**
**Peugeot 308 Active** GZH16
Skráður apríl 2015, 1,6Hdi dísil, beinskiptur
Ekinn 64.500 km. Í ábyrgð. Litur: Dökkblár




**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** AIU79
Skráður október 2013, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 127.000 km. Litur: Hvítur
~~Verð 3.590.000 kr.~~



**VERÐ 3.390.000 kr.**
**Mazda6 Vision STW** HBE55
Skráður maí 2015, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð. Litur: Hvítur




**VERÐ: 2.150.000 kr.**
**Ford Fiesta Trend** DNT63
Skráður júní 2015, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð. Litur: Brúnn

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Myndir í auglýsingunni eru af nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur getur því verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

# Vonandi fullt af peningum



Berglind Íris Hansdóttir handboltakona

**SAMFÉLAG** „Ég vona auðvitað að þarna sé alveg fullt af peningum en held að innistæðan sé nú bara nokkrar krónur,“ segir Berglind Íris Hansdóttir en nafn hennar kemur fyrir í gleymdum bankareikningum Danmerkur. Þarlend skattayfirvöld auglýstu nýverið eftir fólki sem hugsanlega ætti inni fé á sparnaðarreikningum í dönskum bönkum.

Reikningarnir hafa ekki verið hreyfðir í yfir tvö ár. Samkvæmt upplýsingum sem dönsk skattayfirvöld hafa fengið eru upphæðirnar inni á sumum reikningum verulegar. Þannig er hæsta innistæðan hátt í hundrað milljónir íslenskra króna. „Ég hafði ekki hugmynd um þennan reikning og veit ekkert hvað þetta er mikið. Í raun veit ég ekkert meira en það sem stendur á vísi.is,“ segir Berglind. – **bbh**





**Auglýst eftir umsóknum í Vinnustaðanámssjóð.**

Rannís auglýsir eftir styrkjum í Vinnustaðanámssjóð fyrir vinnustaðanám sem á sér stað á almanaksárinu 2016.

**Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 15. nóvember 2016.**

Vinnustaðanámssjóður veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Hægt er að sækja um allt að 24 vikur í vinnustaðanámi fyrir hvern nema á hvorum árshelmingi fyrir sig, eða alls 48 vikur á árinu.

**Sótt er um rafrænt í gegnum umsóknakerfi Rannís.**

**Nánari upplýsingar gefur**
Jón Svanur Jóhannsson, verkefnastjóri innlendra menntasjóða, sími 515 5820, jon.svanur.johannsson@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Spá því að orkuþörf nái brátt hámarki

**Orkuframleiðendur telja að árið 2030 nái eftispurn eftir orku hámarki. Þá telja þeir að árið 2060 sjái sólar- og vindorka mannkyninu fyrir 20 til 39 prósentum af orkuþörfinni. Þetta er spá Alþjóðaorkumálaráðsins sem fundar í Istanbúl.**

**TYRKLAND** Árið 2030 er talið að eftirspurn eftir orku nái hámarki hér á jörð, þegar deilt er niður á mannfjölda. Þetta er spádómur Alþjóðaorkumálaráðsins, sem þessa dagana heldur ársfund sinn í Istanbúl.

„Það er alveg ljóst að við erum að upplifa miklar breytingar sem munu hafa í för með sér að heimurinn verði allt annar en hann hefur verið fyrir orkuiðnaðinn,“ sagði Ged Davis, framkvæmdastjóri hjá Alþjóðaorkumálaráðinu, þegar skýrslan var kynnt. „Til þessa hafa menn talað um olíumagnshámark en nú er þetta að breytast og helstu orkusérfræðingar eru farnir að velta fyrir sér afleiðingunum af hámarkseftirspurn.“

Á ráðstefnunni, sem hófst í gær og stendur fram eftir vikunni, komu saman leiðtogar Rússlands, Tyrklands og fleiri ríkja ásamt framámönnum í orkuiðnaðinum.

Þeir Vladimír Pútín Rússlandsforseti og Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, stefna á víðtækt samstarf ríkjanna tveggja í orkumálum. Meðal annars er nú lagt allt kapp á að leggja gasleiðslu frá Rússlandi undir Svartahafið og til Tyrklands, en þaðan verði hægt að flytja rússneskt gas til Evrópu.

Þá skýrði Sádi-Arabía frá því að í næsta mánuði sé stefnt að því að fá olíuframleiðsluríki til þess að draga úr framleiðslunni.

Í skýrslu ráðsins segir að enginn hægðarleikur verði að ná fram því markmiði að hitastig jarðar hækki aðeins um tvær gráður. Til þess þurfi ríki heims að leggja mun meira af mörkum en þau hafa skuldbundið sig til nú þegar.

Orkuþörf mannkyns hefur áratugum saman vaxið jafnt og þétt. Síðan 1970 hefur hún tvöfaldast. Þetta er samt að breytast verulega, samkvæmt sérfræðingum ráðsins.



Vladimír Pútín Rússlandsforseti og Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, meðal annarra leiðtoga á ráðstefnu Alþjóðaorkumálaráðsins í Tyrklandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> **Það er alveg ljóst að við erum að upplifa miklar breytingar sem munu hafa í för með sér að heimurinn verður allt annar en hann hefur verið fyrir orkuiðnaðinn.**
>
> Ged Davis, framkvæmdastjóri hjá Alþjóðaorkumálaráðinu

Þannig má búast við því að eftirspurn eftir raforku muni tvöfaldast til ársins 2060, en þá muni sólar- og vindorkuframleiðsla sjá mannkyninu fyrir 20 til 39 prósentum af orkuþörfinni, í staðinn fyrir aðeins fjórum prósentum eins og nú er.

Í skýrslunni eru dregnar upp þrenns konar myndir af framtíð orkumála, og er þá horft til ársins 2060.

Fyrsta sviðsmyndin er nefnd Nútímadjass, þar sem markaðsöflin ráða ferðinni, nýsköpun er áberandi en allt er frekar óútreiknanlegt.

Önnur sviðsmynd nefnist í skýrslunni Ófullgerð sinfónía og þar er átt við að skynsamleg og sjálfbær hagvaxtarlíkön nái yfirhöndinni þannig að smám saman dragi úr kolefnisnotkun.

Sú þriðja nefnist svo Hart rokk þar sem skoðaðar eru afleiðingar þess að skammtímasjónarmið ráði áfram ferðinni með ósjálfbærum hagvexti. **gudsteinn@frettabladid.is**


# Leigjendur eru ánægðir hjá okkur

**Niðurstöður úr nýrri þjónustukönnun Almenna leigufélagsins* sýna að 87% viðskiptavina eru ánægð með að leigja hjá félaginu.**

Við erum stolt af niðurstöðunni og munum halda áfram að tryggja einstaklingum og fjölskyldum á leigumarkaði húsnæðisöryggi, sveigjanleika og enn betri þjónustu.




Ánægð/ur – 87,1 %
Hvorki né – 8,4 %
Óánægð/ur – 4,5 %

*Könnunin var framkvæmd af Gallup fyrir Almenna leigufélagið dagana 16.-29. júní 2016.

Langtíma leigusamningur
Sveigjanleiki
24/7 þjónusta

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ
almennaleigufelagid.is


# Ofurhetjurnar komnar

**SAMFÉLAG** Andrúmsloftið á Ströndum er öðruvísi þessa dagana enda hefjast tökur á tveimur atriðum á Hollywood-stórmyndinni Justice League í dag. Rúmlega 200 manna lið er komið til Djúpuvíkur þar sem tökur fara fram. Svartir Range Rover-ar og aðrir lúxusbílar keyra nú um vegina og þyrlur ferja fólk til og frá. Undirbúningur fyrir þessi tvö atriði hefur gengið vel samkvæmt heimildum Fréttablaðsins og eru Hollywood-starfsmenn sagðir ánægðir með samstarfið við íslenska kollega sína.

Fjölskyldur sem sóttu í friðinn og einveruna vestur á fjörðum fengu lítinn frið um helgina. Hávaði frá þyrlum og aukin umferð lúxusbíla rufu þann frið. Þeir Íslendingar sem vinna að myndinni eru látnir skrifa undir þagnareið og mega því ekki tjá sig um framvindu mála.

Kvikmyndastjörnurnar Jason Momoa og William Dafoe eru komnar norður en ekki er vitað hvenær Ben Affleck, sem leikur Batman, kemur til landsins en hann tók þátt í að leiklesa handrit Good Will Hunting um helgina í New York.

Öryggisgæsla er töluverð á Djúpuvík en þó fékk kvikmyndagerðarmaðurinn William Short, sem staddur er hér á landi til að gera litla heimildarmynd um lokabardaga Grettis Ásmundarsonar, að sitja í mat með þeim sem eru að taka upp myndina. Hann greindi frá þessu á Facebook-síðu sinni en maturinn er eldaður af Múlakaffi.

Jason Momoa, sem leikur Aquaman, birti myndir á Instagram-reikningi sínum af Djúpuvík og dásamaði þar haustfegurðina. Momoa er þekktastur fyrir hlutverk sitt í Baywatch og Game of Thrones þar sem hann lék Khal Drogo. William Dafoe var gómaður í miðbæ Reykjavíkur fyrir utan Kalda bar en Dafoe leikur vin Aquaman, sem kallaður er Nuidis Vulko. Dafoe er gamalreyndur leikari og var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í Platoon árið 1986. Stefnt er að því að Justice League verði jólamyndin árið 2017, leikstjóri er Zack Snyder. – **bbh**



Ben Affleck leikur Batman í kvikmyndinni Justice League.










# Gæði og gott verð!

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**laugardaga 11 til 15**
**Ármúla 31 - Sími 588 7332**

# i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

# Beislum vindinn



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Vinnsla rafmagns úr vindorku er einhver umhverfisvænasta aðferð sem þekkist til að búa til rafmagn. Verkefnisstjórn um rammaáætlun og löggjafinn ættu að veita vindorkuverkefnum brautargengi og stuðla þannig að því að gera samfélagið minna háð óafturkræfum virkjunum.

Náttúruvernd snýst ekki bara um rómantískar hugmyndir um að viðhalda náttúrunni ósnortinni og sjálfbæra auðlindanýtingu. Hún snýst um fyrirhyggju, ábyrga umgengni við auðlindir og tillitssemi við kynslóðir framtíðarinnar. Þannig endurspeglar hún ekki síður ást á framtíðarafkomendum en virðingu fyrir öðrum tegundum í vistkerfinu. Ef maðurinn elskar börnin sín, þá elskar hann náttúruna.

Vindurinn er ótæmandi auðlind og vinnsla rafmagns með vindmyllum hefur ekki í för með sér neinn mengandi útblástur. Uppsetning vindmylla hefur hins vegar sjónræn áhrif á umhverfið og getur þannig gengið í berhögg við hagsmuni í öðrum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu. Varanleg umhverfisáhrif af vindmyllum eru samt lítil og að mestu afturkræf. Þannig er hægt að reisa vindmyllur, framleiða rafmagn í einhvern tíma og taka þær síðan niður án mikillar röskunar fyrir umhverfið.

Landsvirkjun reisti tvær vindmyllur í tilraunaskyni á Hafinu svokallaða norðan Þjórsár í lok árs 2012 og hafa þær framleitt rafmagn frá ársbyrjun 2013. Niðurstöður benda til þess að aðstæður til virkjunar vinds séu óvenju hagstæðar á þessu svæði. Aðliggjandi fjallgarðar mynda trekt fyrir vind ofan af hálendinu sem streymir þarna í gegn. Landsvirkjun hannaði í kjölfarið vindmyllugarð á þessu sama svæði og á hraun- og sandsléttu sunnan Þjórsár. Garðurinn hefur fengið heitið Búrfellslundur og hefur þegar farið í gegnum umhverfismat. Það verða allt að 67 vindmyllur í Búrfellslundi með framleiðslugetu upp á 200 MW. Það var niðurstaða verkefnisstjórnar í 3. áfanga rammaáætlunar að setja Búrfellslund í biðflokk og því bíða stjórnendur Landsvirkjunar eftir verkefnisstjórn og Alþingi áður en fyrirtækið getur hafið framkvæmdir á svæðinu. Áður hafði verkefnisstjórn samþykkt að setja Blöndulund í Húnavatnshreppi í orkunýtingarflokk en það er vindmyllugarður með framleiðslugetu upp á 100 MW.

Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar kemur fram að það eru helst neikvæð áhrif á gönguferðir á nærliggjandi svæðum sem mæla gegn Búrfellslundi. Í skýrslunni kemur fram að vindmyllurnar sjáist langt að og hafi því mikil sjónræn áhrif. Þær muni gera umhverfið minna náttúrulegt í hugum ferðamanna og „upplifun þeirra á landslaginu og svæðinu í heild, verður síðri“. Þetta er auðvitað mjög huglægt og sjónræn áhrif eru einstaklingsbundin.

Í ljósi átaka sem einkenna umræðu um virkjanir og nýtingu fallvatns má velta fyrir sér hvort vinnsla rafmagns úr vindorku sé ekki leið sátta og málamiðlana. Röskun sem fylgir beislun vindsins er aðallega sjónræn og eiginleg mengun er engin. Það hlýtur því að vera von umhverfisverndarsinna sem skynja mikilvægi ábyrgrar auðlindanýtingar að stjórnmálamenn beri gæfu til að tryggja framgang virkjanakosta á sviði vindorku.

**Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar kemur fram að það eru helst neikvæð áhrif á gönguferðir á nærliggjandi svæðum sem mæla gegn Búrfellslundi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sveppahöllin**

**Fjöldi starfsmanna sem vinnur hjá Íslandsbanka á Kirkjusandi hefur fundið fyrir einkennum myglusvepps. Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag huga stjórnendur bankans auðvitað að velferð síns starfsfólks og hafa flutt fjölda þeirra á aðrar starfsstöðvar. Myglusveppur er auðvitað grafalvarlegt mál og getur leitt til margra líkamlegra og jafnvel andlegra einkenna hjá fólki. Einhverjir starfsmenn Íslandsbanka brosa þó út í eitt og eru búnir að finna nýtt nafn á húsnæðið á Kirkjusandi. Húsið er núna kallað Sveppahöllin.**

**Umbunin**

**Það vakti svolitla athygli þegar Heiða Kristín Helgadóttir, guðmóðir Besta flokksins, greindi frá því á sunnudag að hún væri hætt að vinna fyrir Bjarta framtíð og farin að vinna fyrir Viðreisn. Engar ástæður er snerta málefnaágreining eru gefnar upp né heldur neitt sagt um samskiptaörðugleika við fyrrverandi flokksfélaga. Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, gerir því skóna í samtali við Vísi í gær að ástæðan fyrir sinnaskiptum Heiðu Kristínar sé von hennar um hærri laun fyrir störf hjá Viðreisn. Og lái henni hver sem vill að vilja umbun fyrir störf sín. Starfsmenn stjórnmálaflokkanna þurfa jú að eiga fyrir salti í grautinn eins og aðrir.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Fölsk bros, því bráðum er kosið



Kolbeinn Óttarsson Proppé
skipar 2. sæti hjá VG í Reykjavík suður

Hinir ríku halda áfram að verða miklu ríkari á Íslandi.“ „Laun þeirra ríku hækka hraðar.“ Að mínu mati fanga þessar tvær fyrirsagnir, sem birtust í fjölmiðlum á síðustu dögum, það í hnotskurn um hvað verður kosið 29. október.

Það skiptir nefnilega máli hverjir stjórna. Það sést ekki alltaf, heilt yfir getur samfélagið verið á réttri leið, hagtölur að skána, einhverjar breytur í útreikningum líka og jafnvel finnum við það sum hver á eigin skinni að staðan er að batna. En misskiptingin verður ekki falin í tölum um meðaltalshækkun. Það hvernig þeir sem halda áfram að hafa það betra, verða enn ríkari, fá enn meira til sín en aðrir. Fölsk bros stjórnmálamanna og enn falskari loforð rétt fyrir kosningar breyta engu um þessar staðreyndir.

Síðasti áratugur hefur verið þjóðinni erfiður. Rugl-hagkerfi fyrirhrunsáranna kippti raunveruleikanum úr sambandi og svo var öllum kippt niður á jörðina með hruninu. Efnahagslífið var í rúst og öll orka stjórnvalda fór í að koma því aftur á réttan kjöl. Það tókst og hægt og rólega hefur landið verið að rísa, allt að rétta úr kútnum. Og ekki endilega hægt, þetta hefur tekið undraskamman tíma í raun.

Einmitt þess vegna skiptir máli hverjir setjast við stjórnvölinn eftir þessar kosningar, hvaða flokkar það eru sem koma að því að hanna það samfélag sem við viljum sjá, að nýta betri efnahagsstöðu á sem réttastan máta. Hvort við viljum auka jöfnuð, hvort við viljum að þeir sem verst hafa það njóti efnahagsbatans, hvort við viljum styrkja velferðarkerfið, heilbrigðiskerfið, hvernig við viljum nýta þá stöðu að ríkið heldur utan um stærstan hluta fjármálakerfisins til að koma samfélagssjónarmiðum þar inn.

Fyrir mér eru þetta stóru málin. Og flokkar sem rétt fyrir kosningar muna eftir því að til er fleira fólk en fjármagnseigendur og fleiri félög en aflandsfélög eru ekki trúverðugir til að standa sig vel í þessu. Til þess treysti ég Katrínu Jakobsdóttur og Vinstri grænum.

**En misskiptingin verður ekki falin í tölum um meðaltalshækkun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Dó hann?



Sigríður Víðis Jónsdóttir
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Það fyrsta sem slær hana er myrkrið. Svarta myrkur inni í miðjum bæ. Í svartnættinu sjást skuggar sem koma nær og nær. Bílljósin lýsa upp náföl andlit sem eru svo tekin að hún hefur aldrei séð annað eins. Janúarnóttin er ísköld.

„Frænka, ertu með brauð?“ Fólkið er svo aðframkomið að það stendur varla í fæturna. Getur ekki talað, bara hvíslað. „Frænka, áttu bita af brauði?“

Hanaa Singer er komin inn fyrir víggirta vegartálma sýrlenska hersins. Hér í bænum Madaya hefur verið rafmagnslaust í fjóra mánuði. Sýrlenski stjórnarherinn og hersveitir hliðhollar honum hafa setið um bæinn og haldið íbúunum í herkví – enginn fer inn, enginn út. Kaupmenn fá ekki að flytja nein matvæli inn í bæinn. Þetta er strategískur og kolsvartur leikur í stríðinu. Áður en veröldin fór á hvolf var hér fallegur, lítill bær sem var þekktur fyrir hreint vatn, ferska ávexti og blómstrandi ferðamannaiðnað uppi í fjöllunum.

Núna hvíslar fólk sögur af súpu úr vatni og laufum sem það borðar og gefur börnunum sínum. Súpu úr vatni og grasi. Það hringsnýst allt í höfðinu á Hönuu Singer. Er þetta virkilega að gerast á 21. öldinni? Hún er yfirmaður UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, í Sýrlandi og segir mér þessa sögu nokkrum mánuðum seinna.

**Geta ekki grátið**

Læknir í blóðugum sloppi leiðir hana inn í dimmt herbergi í húskjallara. Þetta er heilsugæslan í bænum þessa mánuðina, læknirinn sá eini á meðal strandaðra bæjarbúa. Málningin er flögnuð af veggjunum og á gólfinu liggja börn sem eru svo veikburða að þau geta ekki hreyft sig.

Á staðnum er einungis eitt rúm. Á því eru tvær hrúgur. Eftir því sem Hanaa lítur dýpra inn í myrkrið breytast þær í manneskjur. Annar sjúklinganna er 16 ára gamall. Heitir Ali og er hálfmeðvitundarlaus. Nær dauða en lífi.

Þau hlaupa til og reyna björgunaraðgerðir. Hún byrjar að hnoða. Hnoðar og hnoðar. Allt kemur fyrir ekki. Líf hans fjarar út, í skítugum kjallara í sturluðu stríði, beint fyrir framan augun á þeim. Ali deyr hvorki vegna sjúkdóms né slysfara, heldur vegna þess að hann var sveltur til dauða.

Hanaa heyrir sjúklinginn í rúminu við hliðina á Ali hvísla lágt. „Dó hann?“ Sjúklingurinn er enn með lífsmarki og heldur dauðahaldi í fingurinn á henni.

Fjölskylda Alis er inni í herberginu en of veikburða til að gráta. Þau hanga varla uppi. Fyrir utan hvíslið úr rúminu er þögn í herberginu.

**Rifbein**

Andartak líður, svo æðir allt af stað. Teymi UNICEF, Rauða hálfmánans og fleiri samtaka hraðar sér í að sinna börnunum í kjallaranum og dreifa hjálpargögnum í bænum. Þau mega engan tíma missa.

Læknirinn Raija Sharhan leiðir aðgerðir UNICEF og skoðar gaumgæfilega öll börnin á staðnum. Næringarástand þeirra er skelfilegt. Mohammed litli er átta ára og hefur ekki borðað í sjö daga, hann er í þoku og á erfitt með að tala, rifbeinin skaga út í loftið.

Limar er sjö mánaða og bráðavannærð. Hún er svo veikburða að hún nær ekki að taka upp neina næringu og mun án hjálpar annað hvort verða fyrir óafturkræfum skaða eða deyja.

Hjálparstarfsfólkið hjúkrar henni og öðrum og vinnur sleitulaust til klukkan fimm um nóttina, þegar hermenn ýta þeim út úr bænum. Þau skilja eftir vítamínbætt jarðhnetumauk, saltupplausnir, sérstakar mjólkurblöndur og það sem til þarf fyrir lækninn í bænum og hetjurnar sem standa vaktina með honum svo þau geti hlúð að vannærðu börnunum.

Næstu daga fara myndir og vídeó úr ferðinni til Madaya eins og eldur í sinu um heimsbyggðina. Mohammed litli verður tákngervingur hörmunganna í Madaya. Stóru brúnu augun hennar Limar vekja upp sterkar tilfinningar, gráturinn hennar sem líkist frekar ýlfri.

Þegar ég hitti Hönuu Singer í maí hefur hún góðar fréttir að færa, mitt í öllum hörmungunum. UNICEF hefur tekist að fara fjórum sinnum aftur til Madaya ásamt öðrum hjálparsamtökum, með bílalest fulla af hjálpargögnum, og hefur getað fylgt meðferð vannærðu barnanna eftir.

Það sem meira er: Mohammed er búinn að ná sér og meira að segja farinn að mæta aftur í skólann sinn. Limar hefur líka sýnt ótrúlegar framfarir og er öll að braggast!

**Hitastigið fellur ... enn á ný**

Og nú er kominn október. Enn er setið um Madaya. Enn harðnar stríðið í Sýrlandi. Áfram halda flutningar hjálpargagna inn í litla bæinn í fjöllunum en þeir kosta stöðugar samningaviðræður. Stríðandi fylkingar svífast einskis.





**Fjórum mánuðum áður en þessi mynd var tekin fóru myndir af Mohammed skelfilega vannærðum og illa förnum eins og eldur í sinu á samfélagsmiðlum. Þarna er eldhress Mohammed búinn að ná sér og spjallar við Dr. Raiju.**

Það líður að vetri og Dr. Raija heldur áfram að hjúkra vannærðum börnum. Hanaa Singer skipuleggur flutninga á hreinu vatni til íbúa Aleppo og undirbýr enn einar aðgerðirnar til að bregðast við kuldanum sem fylgir vetrarhörkunum. Hún ætlar sér að ná til tveggja og hálfrar milljónar barna í Sýrlandi og nágrannaríkjunum, neyðin er svo mikil. Þegar ég er sjálf um það bil að bugast yfir þessu klikkaða stríði reyni ég að minna mig á það sem hún sagði í vor: „Ég hef aldrei verið stoltari af neyðaraðgerðum hjá UNICEF. Við erum þarna úti og baráttan ber árangur.“ Framlög heimsforeldra og í neyðarsöfnun UNICEF gegna hér ómetanlegu hlutverki.

Við munum sannarlega standa vaktina þangað til stríðinu lýkur og vera til staðar áfram eftir það. En það er ekki nóg. Grundvallaratriðið er að stöðva stríðsglæpina, loftárásirnar, morðin og eyðilegginguna. Hinar ólýsanlegu hörmungar í Sýrlandi duttu ekki af himni ofan heldur eru mannanna verk.

Eitt af því sára og ljóta við stríðið er að sjá hvað það gerir börnum. Börnum eins og Mohammed sem var nær dauða en lífi eftir að hafa verið sveltur í umsetnum bæ, Limar litlu sem á ótrúlegan hátt tókst að bjarga og Ali sem við misstum. Það er sameiginleg skylda okkar að verja réttindi þeirra.






| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

# Útsala

## Skrifborðsstólar



**Taktik** skrifborðsstóll
**Útsöluverð 39.900 kr.**
Verðlistaverð 49.900 kr.



**Flexikit** skrifborðsstóll
**Útsöluverð 64.900 kr.**
Verðlistaverð 99.900 kr.



**Dealer** skrifborðsstóll
**Útsöluverð 22.900 kr.**
Verðlistaverð 29.900 kr.

## Staflastólar og stólar fyrir eldhús og kaffistofur



**Sitti** staflastóll með plastskel
**Útsöluverð 12.900 kr.**
Verðlistaverð 20.761 kr.



**Carver** staflastóll
**Útsöluverð 19.900 kr.**
Verðlistaverð 38.697 kr.



**Zen** staflastóll
**Útsöluverð 17.900 kr.**
Verðlistaverð 26.119 kr.

## Borð í eldhús og kaffistofur eða veitingastaði



**Midwest Folding** fellanleg hringborð
160 cm þvermál
**Útsöluverð 89.900 kr.**
Verðlistaverð 161.580 kr.

180 cm þvermál
**Útsöluverð 99.900 kr.**
Verðlistaverð 174.419 kr.

**Ýmis borð** verð frá **9.900 kr.**
**Ýmsar borðplötur** verð frá **4.900 kr.**

## Sófar og hægindasæti - Takmarkað magn



**Mia** sófi
**Útsöluverð 199.000 kr.**
Verðlistaverð 486.347 kr.

**Mia** stóll
**Útsöluverð 149.000 kr.**
Verðlistaverð 459.160 kr.

**Mia** skammel
**Útsöluverð 79.000 kr.**
Verðlistaverð 132.839 kr.

ÍSLENSKA /SÍA PEN 76580 10.15

Útsalan stendur aðeins yfir í nokkra daga.

# 20-90% afsláttur

## Seljum einnig eldri sýnishorn og lítið útlits-gölluð húsgögn á ótrúlegu verði.

### Eames stólar



DSW
Útsöluverð 39.900 kr.
Verðlistaverð 67.900 kr.



DAW
Útsöluverð 49.900 kr.
Verðlistaverð 87.900 kr.



DAR
Útsöluverð 39.900 kr.
Verðlistaverð 59.900 kr.



DAW
Útsöluverð 49.900 kr.
Verðlistaverð 87.900 kr.

*Eldri gerð fóta (2 cm lægri) – litaúrval eins og á mynd.

### Skápar



Jive skápar margar stærðir með eða án hurða
Útsöluverð frá 9.900 kr.

### Skrifborð




Penninn Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-16

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

## Nýjast

**Undankeppni HM 2018: A-riðill**

| | |
|---|---|
| H-Rússland -Lúxemborg | 1-1 |
| Holland - Frakkland | 0-1 |
| Svíþjóð - Búlgaría | 3-0 |

**Undankeppni HM 2018: B-riðill**

| | |
|---|---|
| Færeyjar - Portúgal | 0-6 |
| Andorra - Sviss | 1-2 |
| Lettland - Ungverjaland | 0-2 |

**Undankeppni HM 2018: H-riðill**

| | |
|---|---|
| Gíbraltar - Belgía | 0-6 |
| Eistland - Grikkland | 0-2 |
| Bosnía - Kýpur | 2-0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Kasakstan - Rúmenía | Sport 2 |
| 16.35 | U-21: Ísland - Úkraína | Sport |
| 18.45 | Slóvenía - England | Sport |
| 18.45 | Þýskaland - N-Írland | Sport 2 |
| 18.45 | Danmörk - Svartfjalla. | Sport3 |
| 20.45 | HM Markasyrpa | Sport |
| 16.55 | Ísland - Úkraína | Laugardalsv. |
| 19.15 | Valur - Snæfell | Valshús |




Ungu strákarnir okkar ætla að gera eins og gullkynslóðin fyrir fimm árum og spila á lokamóti EM í Póllandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# Leikur framtíðarinnar

**U21 árs landsliðið í fótbolta getur komist í lokakeppni EM 2017 með sigri á Úkraínu í kvöld. Sigur gæti haft jákvæð margföldunaráhrif á íslenskan fótbolta.**

**FÓTBOLTI** Ísland getur öðru sinni á fimm árum komið U21 árs landsliði í lokakeppni Evrópumóts í kvöld þegar ungu strákarnir okkar mæta Úkraínu í lokaleik liðsins í undankeppni EM 2017 sem fram fer í Póllandi á næsta ári. Staðan er einföld: Ef Ísland vinnur leikinn vinnur það riðilinn. Aftur á móti er ansi líklegt að Ísland missi meira að segja af umspilinu tapi það stigum í Laugardalnum í kvöld því Makedónía og Frakkland eru að öllum líkindum að fara að vinna sína leiki í lokaumferðinni gegn tveimur neðstu liðum riðilsins

Það er mikið undir fyrir íslenskan fótbolta í kvöld en bara jákvæðir hlutir. Það muna allir eftir gullkynslóðarliðinu sem fór á EM 2011 og skilaði 5-6 byrjunarliðsmönnum í A-landsliðið. Það væri ósanngjarnt að ætlast til þess að þetta lið núna sé með jafnmarga leikmenn í þeim gæðaflokki en að komast á EM hefur jákvæð margföldunaráhrif fyrir leikmennina og þar af leiðandi íslenskan fótbolta og A-landsliðið.

### Góður gluggi

Lokakeppni U21 árs landsliða er kjötmarkaður. Þar mæta útsendarar óteljandi liða, allir staðráðnir í að finna ofurstjörnu framtíðarinnar. Þetta er einn besti búðargluggi sem til er fyrir leikmenn í álfunni að sýna sig eins og sannaðist með strákana okkar fyrir fimm árum.

Fullt af leikmönnum úr liðinu, sem voru sumir þá þegar orðnir atvinnumenn, færðu sig um set í betri lið og urðu þar af leiðandi betri leikmenn. Vissulega voru sumir leikmenn U21 árs liðsins 2011 í stórum deildum og færðu sig um set á milli þeirra en vitaskuld hafði lokamótið sín áhrif.

Þegar strákarnir voru komnir í betri lið urðu þeir betri leikmenn og þeim gæðum skiluðu svo sumir þeirra inn í A-landsliðið sem síðan komst í fyrsta sinn í lokakeppni. Að komast í svona keppni getur haft þessi jákvæðu margföldunaráhrif fyrir fótboltann hér heima.

Eins og fyrir fimm árum síðan eru 5-6 byrjunarliðsmenn í U21 árs liðinu núna atvinnumenn. Flestir þeirra spila á Norðurlöndunum og vilja taka næsta skref en að vera til sýnis í búðarglugganum í Póllandi á næsta ári ætti heldur betur að hjálpa til við það.

### Stærra fyrir strákana hér heima

Oliver Sigurjónsson, fyrirliði íslenska liðsins, er mjög tæpur fyrir leikinn á morgun vegna beinmars sem hann fékk eftir að fá skot í kálfann á æfingu Breiðabliks undir lok tímabilsins. Oliver er búinn að spila frábærlega í undankeppninni og sagði við Fréttablaðið í gær að það væru ekki nema 50 prósent líkur á að hann gæti byrjað leikinn.

Hann, eins og allir aðrir í liðinu, þráir að komast í lokakeppnina og er fullmeðvitaður um hverju það gæti skilað fyrir íslenskan fótbolta og leikmönnum liðsins. Þá sérstaklega strákum eins og honum sem spila hér heima.

„Þetta gæti skilað okkur í stærri deildir og komið okkur lengra en til Norðurlanda þangað sem margir fara úr íslensku deildinni. Það eru öll lið í Evrópu og utan Evrópu sem horfa á keppnina. Það er ekki hægt að ímynda sér hversu stórt þetta er en fyrir leikmenn á Íslandi er þetta enn þá stærra. Það eru vonbrigði fyrir mig að geta ekki hjálpað þeim að taka lokaskrefið en ég veit að það kemur alltaf maður í manns stað hjá þessu liði,“ sagði Oliver Sigurjónsson. tomas@365.is

### Búðarglugginn

*Leikmenn U21 árs liðsins 2011 sem skiptu um lið eftir EM í Danmörku.*

**Aron Einar Gunnarsson:** Fór frá Coventry til Cardiff þar sem hann hefur spilað síðan. Er fyrirliði A-landsliðsins og einn af þess allra mikilvægustu mönnum.

**Birkir Bjarnason:** Byrjaði á bekknum í Danmörku en fór samt frá Viking í Noregi til Standard Liège í Belgíu. Er fastamaður í A-landsliðinu og skoraði fyrsta mark Íslands á EM 2016.

**Kolbeinn Sigþórsson:** Var búinn að minna rækilega á sig í Hollandi með AZ Alkmaar en var keyptur sem aðalframherji hollenska stórveldisins Ajax. Kominn í dag til Galatasaray og er næstmarkahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi.

**Rúrik Gíslason:** Kantmaðurinn kraftmikli fór frá OB í Óðinsvéum til FC Kaupmannahafnar og spilaði þar meðal annars í Meistaradeildinni. Var lengi byrjunarliðsmaður í landsliðinu en missti sæti sitt og svo missti hann af EM vegna meiðsla.

**Haraldur Björnsson:** Aðalmarkvörður U21 fyrir fimm árum, fór frá Val til Sarpsborg í Noregi.

**Eggert Gunnþór Jónsson:** Var vissulega með sterka ferilskrá þegar kom að lokamótinu en fór frá Hearts í Skotlandi til Úlfanna í ensku úrvalsdeildinni.

**Hólmar Örn Eyjólfsson:** Fór úr unglingaliði West Ham til Bochum.

# BETRI SVEFN OG BÆTT LÍÐAN MEÐ MAGNESÍUM-OLÍU FRÁ BETTER YOU

**Artasan kynnir** Magnesíum-olíurnar frá Better You hafa reynst ótrúlega vel til þess að ná betri slökun, lina þreytuverki, krampa, harðsperrur, strengi og stífleika í vöðvum. Í kjölfarið sefur fólk mun betur ásamt því að almenn líðan batnar.

### MAGNESÍUM ER MIKILVÆGT FYRIR ALLA

Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Talið er að um 80% Bandaríkjamanna líði skort en ræturnar má rekja til lélegs og rangs mataræðis, mikillar streitu, ýmissa lyfja, mikillar koffínneyslu og næringarsnauðs jarðvegs sem nýttur er til ræktunar matvæla. Einnig skolast steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að ef við æfum mikið þá töpum við steinefnum sem við þurfum að passa upp á að bæta okkur.



Fótapirringur er úr sögunni hjá Óla Bogga eftir að hann fór að nota Magnesium Good Night spreyið.

### NUDDAÐ UPP ÚR MAGNESÍUM-OLÍU – NÝJUNG Á ÍSLANDI

Berglind Magnúsdóttir nuddari sem rekur Heilsusetrið á Háaleitisbraut er brautryðjandi í notkun magnesíumolíu við nuddmeðferðir á Íslandi. Nú er svo komið að flestir viðskiptavinir hennar óska einna helst eftir magnesíum-nuddi í stað hefðbundins nudds með gömlu góðu nuddolíunni. Viðskiptavinir Berglindar segja muninn felast einna helst í meiri og dýpri slökun sem varir mun lengur og þeir sofa miklu betur. Vitnisburður viðskiptavina Berglindar innihalda orð og setningar eins og: „góð innri slökun“, „streitulosandi“, „hreinsandi og ég vakna miklu betur og hressari næsta morgun“, „vinnur svo vel á vöðvaverkjum og virkar mun dýpra en hefðbundið nudd“, „virkar slakandi á líkamann og róandi á hugann“, „maður verður svo sultuslakur“, „allur fóta- og vöðvapirringur hverfur“ og „ég sef svo miklu betur“ koma fyrir í svörum fjölmargra viðskiptavina Berglindar eftir nuddið.



Flestir viðskiptavinir Berglindar kjósa magnesíumnudd umfram annað.

### VAR SVEFNLAUS VEGNA FÓTAPIRRINGS

Ólafur Borgar Heiðarsson hársnyrtir sem flestir þekkja sem Óla Bogga er orðinn mikill aðdáandi Magnesíum Good Night olíunnar en hann, eins og flestir í hans starfsstétt, þarf að standa allan liðlangan daginn og oft er vinnudagurinn langur. „Ég hef lengi vel verið í vandræðum með að sofna á kvöldin vegna mikils pirrings í fótunum. Oft var ég ekki að ná að sofna fyrr en um miðja nótt og því illa sofinn þegar ég kom til vinnu næsta dag. Eftir að ég prófaði Magnesíum Good Night spreyið varð ekki aftur snúið því þetta var töfrum líkast. Fótapirringurinn hvarf nánast strax eftir að ég úðaði á mig og ég fór að sofa alla nóttina og vakna úthvíldur.“

> Fótapirringurinn hvarf nánast strax eftir að ég úðaði á mig olíunni og ég fór að sofa alla nóttina og vakna úthvíldur.
>
> Óli Boggi hársnyrtir

### KRAFTAVERKASPREYIÐ SEM VIRKAR!

Magnesíum-olíu spreyið hefur einnig gagnast börnum og unglingum sem iðka íþróttir af miklu kappi og eru jafnvel að vaxa hratt. Ísabella sem æft hefur klassískan ballett í mörg ár hefur mjög góða reynslu af Magnesíum Orginal spreyinu, því með auknum æfingum og meira álagi var hún farin að finna fyrir miklum þreytuverkjum, sérstaklega í fótum. Ólöf Mjöll Ellertsdóttir, móðir hennar, sem hafði heyrt mikið talað um magnesíum og kosti þess keypti brúsa og ákvað að prófa. Ísabella fann strax mun og nú notar hún spreyið samhliða miklum æfingum. Hún kallar það „kraftaverkaspreyið“ og finnst það algjör snilld.



Ísabella, dóttir Ólafar, kallar Magnesium Orginal kraftaverkasprey.

### Steinefnið magnesíum hefur t.a.m. áhrif á

- Orkumyndun (ATP í frumunum)
- Vöðvastarfsemi
- Taugastarfsemi
- Myndun beina og tanna
- Meltingu
- Blóðflæði
- Kalkupptöku
- Húðheilsu

> Spreyin eru frábær lausn þar sem þeim er úðað beint á vandamálasvæðið og virknin kemur nánast strax
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi.




**ÚTSÖLUSTAÐIR** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

# FINNDU SÓLARGEISLANN ÞINN

**Heilsa ehf. kynnir Solaray**, hágæða vítamín og bætiefnalínu sem unnin er úr jurtum og er eitt vinsælasta og best þekkta vörumerki í heilsuvörum í heiminum. Gæðaeftirlit er mjög strangt við framleiðslu og besta fáanlega hráefnið notað í vörurnar.

Signý S. Skúladóttir, markaðsstjóri Heilsu ehf., segir að Solaray hafi öðlast mjög góðan orðstír fyrir gæði, samkvæmni og vöruþróun. „Ávallt er unnið með náttúruleg hráefni sem geislar sólarinnar hafa skapað og fyllt orku. Gæðaeftirlit er mjög strangt við framleiðslu og tryggt að alltaf sé um að ræða yfirburða gæði á öllum vörum sem framleiddar eru og að besta fáanlega hráefnið sé notað í blöndurnar. Allt hráefnið fer að auki í gegnum rannsóknir á rannsóknarstofum óháðum framleiðanda til að ganga úr skugga um að virknin sé nákvæmlega eins og hún á að vera. Þetta er 100 prósent náttúruleg vara,“ segir Signý.

## STRESSIÐ MINNKAÐI

Eva Dögg Rúnarsdóttir hefur notað Solaray bætiefni í rúm átta ár. „Ég er nýflutt heim frá Kaupmannahöfn eftir 12 ára búsetu. Solaray vítamín eru vinsæl í Danmörku,“ segir hún. „Mega B stress er blanda sem gerði mig háða Solaray. Ég vann undir miklu álagi sem yfirhönnuður hjá dönsku fatamerki. Frænka mín rekur heilsubúð í Árósum og benti mér á að prófa þessa blöndu. Ég fann nánast strax alveg rosalegan mun á mér auk þess sem ég varð orkumeiri. Eftir það hefur þessi blanda varla vikið úr vítamínskápnum og ég tek hana oftast í törnum yfir veturinn þegar það er mikið að gera. Ég tek líka B12, sink og járn nánast að staðaldri.

## VERÐUR ALDREI VEIK

Annars á ég margar uppáhaldstegundir frá Solaray sem ég tek í rispum. Oftast hvíli ég mig á sumrin en byrja síðan aftur á haustin að taka vítamín. Það er nauðsynlegt í nútíma þjóðfélagi þar sem hraðinn er mikill og stöðugt álag. Ég er mjög hrifin af turmerik-töflunum og þykkninu, blanda því saman við að borða turmerikrót í mat, smoothie eða sem skot. Mér finnst turmerik auka orku, minnka bólgur og bjúg en einnig gagnast það vel við kvefi og öðrum pestum. Ég tek pumpkin seed oil, Biotin og MSM aðallega til að þykkja hárið og styrkja. Einnig finn ég mun á liðunum þegar ég tek MSM,“ segir Eva Dögg og bætir við að hún blandi því saman við sítrónuvatn á morgnana.

> Ég finn raunverulegan mun á mér þegar ég tek inn bætiefnin frá Solaray, þau uppfylla allar mínar kröfur hvað varðar hreinleika, upptöku og blöndurnar sjálfar.
>
> Eva Dögg Rúnarsdóttir




„Þegar ég finn einhver flensueinkenni er ég fljót að grípa í oil of oregano og grapefruit seed oil. Það drepur allt, enda verð ég aldrei lasin. Svo tek ég Maca og evening primrose oil í törnum til að ná stjórn á hormónunum. Þeir rugluðust svolítið eftir nánast samfelldar brjóstagjafir með tveimur börnum.“



Eva Dögg Rúnarsdóttir hefur notað Solaray bætiefni í rúm átta ár með mjög góðum árangri. Hún er á instagram undir @evadoggrunars og á snapchat: @werampersand.

## NÓG AÐ GERA

Eva Dögg er fatahönnuður en kom til Íslands til að opna bakarí. „Ég hef unnið sem yfirhönnuður hjá stórum dönskum fatamerkjum. Ég vinn sjálfstætt núna og er að mestu leyti að hanna skó, töskur og fylgihluti fyrir erlend merki. Sömuleiðis starfa ég fyrir mismunandi viðskiptavini á samskiptamiðlunum, bæði hér og í Danmörku. Ég er jógakennari og kenni bæði fullorðnum og börnum jóga flesta daga vikunnar. Núna er ég að leggja lokahönd á íslensk jógaspil fyrir börn en ég fékk styrk frá Jógahjartanu síðasta vetur til að hanna og framleiða þessi spil,“ segir Eva Dögg sem er í sambúð með Gústa bakara, eiganda Brauð og Co. Þau eiga tvö börn, Bastíani Nóa, 4 ára, og Nóru Sól, 2 ára.

**Finndu þinn sólargeisla frá Solaray í næsta apóteki eða heilsuvöruverslun**



# Vetrardekk

11. október 2016
**KYNNINGARBLAÐ** MAX1 | N1 | Arctic Trucks| Vaka

# Nokian eru meðal bestu vetrar- og nagladekkja ár eftir ár

Finnsku Nokian gæðadekkin fást í miklu úrvali hjá MAX1 Bílavaktinni. MAX1 rekur fjórar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Nokian Tyres hafa samið við Mika Häkkinen, tvöfaldan heimsmeistara í Formúlu 1, um að vera talsmaður Nokian dekkja næstu árin.




**MAX1 leggur áherslu á að veita viðskiptavinum ráðgjöf við val á dekkjum því dekk eru flókin vara og mismunandi hvað hentar hverjum og einum. Hluti ágóða af sölu Nokian dekkja rennur til Krabbameinsfélagsins í október og nóvember.**




**MAX1 hefur nýlega endurnýjað vélabúnað til þess að tryggja áfram gæðaþjónustu. Nýjar umfelgunar- og jafnvægisstillingarvélar af bestu gerð eru nú á öllum stöðvum MAX1. Hér sést Jón Þór Einarsson að störfum.**



**Starfsmenn Max1 með Mika Häkkinen.**

MAX1 selur finnsku gæðadekkin frá Nokian sem eru sérhönnuð fyrir notkun á norðlægum slóðum. MAX1 leggur áherslu á að veita viðskiptavinum ráðgjöf við val á dekkjum því dekk eru flókin vara og mismunandi hvað hentar hverjum og einum.

### Ökutæki á lélegum dekkjum líklegri til umferðaróhappa

„Vanmat ökumanna á ástandi dekkja getur verið stórvarasamt. Fólk kemur gjarnan með dekkin á haustin til þess að skipta fyrir veturinn og þá kemur í ljós að munstur dekkjanna er komið undir slitmörk til þess að flokkast sem gagnleg vetrardekk. Dekkin líta ágætlega út en svo þegar mynsturdýptin er mæld kemur annað í ljós. Öll dekk frá Nokian eru með merkingu á miðju dekksins sem segir til um slit þess. Þegar 4mm eru eftir af mynstri dekksins hverfur snjótáknið sem þýðir að dekkið er ekki lengur öruggt í snjó. Eftir því sem mynstur verður minna minnkar grip í bleytu og snjó. Til viðbótar er mikilvægt að fólk fylgist með dekkjaþrýstingnum og kanni hann reglulega til þess að hámarka nýtingu dekkja. Það er auk þess gott að skipta dekkjunum á milli fram og aftur til þess að jafna slit dekkjanna“, segir Sigurjón Árni Ólafsson, framkvæmdarstjóri MAX1.

### MAX1 hraðþjónusta

MAX1 Bílavaktin er hraðþjónusta fyrir alla bíla. „Við seljum og skiptum um dekk, við skiptum um smurolíu, olíusíur, rafgeyma, bremsur, dempara, rúðuþurrkur og perur og leggjum áherslu á að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu. Við erum á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu; Bíldshöfða 5a, Dalshrauni 5 í Hafnarfirði, Jafnaseli 6 í Breiðholti og með smurstöð í Knarrarvogi 2 svo við erum með góða dreifingu á stöðvum fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið,“ segir Sigurjón.

### Mika Häkkinen og Nokian tyres

Fyrr á þessu ári var haldin sölukeppni NOKIAN APPROVED DEALER á Íslandi þar sem sú stöð sem skilaði mestri söluaukningu á tilteknu tímabili vann. Það var til mikils að vinna því tveir starfsmenn sigurstöðvarinnar fengu í verðlaun ökuferð með Mika Häkkinen. Það voru þeir Bjarni Jóhannes Mark Henrysson og Jón Þór Einarsson sem fóru út til Bratislava fyrir hönd MAX1 nú nýlega.

### Samstarf Mika Häkkinen og Nokian Tyres

Nokian Tyres hafa samið við Mika Häkkinen, tvöfaldan heimsmeistara í Formúlu 1, um að vera talsmaður Nokian dekkja næstu árin. Häkkinen mun taka þátt í ýmsum verkefnum svo sem verkefnum tengdum öruggum akstri.

### Þú getur treyst Nokian gæðadekkjunum

„Það er mikilvægt að halda áfram að læra og þróa nýja hluti til þess að halda áfram að vera á toppnum. Þetta á sérlega vel við Nokian dekkjaframleiðandann þar sem hugvit og þróunarvinna hefur tryggt að þeir halda sífellt áfram að vera fremstir á sínu sviði þegar kemur að öryggi dekkja. Það er mikilvægt fyrir mig að geta treyst dekkjunum og eiginleikum þeirra í krefjandi aðstæðum. Nokian dekkin eru sérframleidd fyrir norðlægar slóðir og ég veit að ég get treyst þeim í hvaða aðstæðum sem er. Nokian er hágæða framleiðandi og ég hlakka mikið til samstarfsins“, segir Mika Häkkinen.

> **Nokian dekkin eru sérframleidd fyrir norðlægar slóðir og ég veit að ég get treyst þeim í hvaða aðstæðum sem er.**
>
> *Mika Häkkinen*

### Akstur í ýmsum aðstæðum

Jón og Bjarni fóru hvor tvo hringi með Formúlu 1 heimsmeistaranum fyrrverandi og gerði hann sér lítið fyrir og steig bílinn í yfir 250 km hraða á hröðustu köflunum. Á meðan spjallaði hann hinn rólegasti við farþegana og minnti þá á að brosa í myndavélarnar sem staðsettar voru umhverfis brautina. Strákarnir voru sammála um að Mika Häkkinen væri afskaplega almennilegur og algjörlega niðri á jörðinni þrátt fyrir allt sem hann hefur afrekað.

Til viðbótar við ökuferðina með heimsmeistaranum fóru Jón og Bjarni í akstur í bleytu þar sem farið var yfir mikilvægi þess að vera á góðum dekkjum og hvernig skuli bregðast við í slíkum aðstæðum. Keyrt var á Nokian sumardekkjum og var hemlunarlengd og viðbrögð dekkjanna könnuð á blautu malbikinu.

# Dekkin entust 490 þúsund km

Þorkell Ragnarsson ekur vörubíl um Bandaríkin og Kanada. Hann setti nýverið ný vetrardekk undir trukkinn en þau gömlu höfðu enst í 490 þúsund kílómetra. Hann segir betri vegi, réttan loftþrýsting, rétta jafnvægisstillingu og gott ökulag hafa mest að segja um endingu dekkja.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Þorkell er á leið heim til sín til Fort Lauderdale í Flórída þegar blaðamaður slær á þráðinn. Á síðustu tveimur dögum hefur hann ekið frá Maine upp til Kanada og á nú um 1.800 km ófarna heim. Þorkell hefur búið og starfað í Bandaríkjunum frá árinu 1985 en þangað flutti hann 25 ára gamall ásamt foreldrum sínum.

Í dag starfar hann sem vörubílstjóri fyrir Oakley Transport í Flórída sem sérhæfir sig í að flytja fljótandi matvæli. „Ég dreg tanka á eftir mér sem í eru fljótandi matvæli, allt frá sterku áfengi og niður í vatn og allt þar á milli. Til dæmis matarolíur, egg í fljótandi formi, hunang og súkkulaði,“ segir Þorkell.

Ökutækið er Volvo 630 með D13 vél. „Þetta er sæmilega góður bíll og ég hef góða aðstöðu í honum. Þetta er í raun lítið hús á hjólum. Þar er ég með nokkuð stórt rúm, fataskápa, ísskáp, örbylgjuofn, sjónvarp, tölvu og litla ljósavél fyrir rafmagn og til að halda hitanum í lagi, hvort sem það er að loftkæla á sumrin eða hita á veturna.“

Þó að Þorkell búi í Flórída ekur hann minnst á þeim slóðum. „Ég keyri um öll Bandaríkin, og mikið um Kanada,“ upplýsir hann en fjarveran frá heimilinu getur verið æði löng. „Ég get verið allt upp í tvo mánuði í burtu í senn.“




Þorkell við Volvoinn þar sem hann eyðir drjúgum hluta ársins, og dvelur þar allt upp í tvo mánuði í senn.

> Ég athuga þrýstinginn sjálfur á hverjum degi og það hefur mikið að segja.
>
> *Þorkell Ragnarsson*

## Mikilvæg fyrir öryggið

Þar sem Þorkell ekur mikið um norðurfylkin og Kanada skiptir miklu að vera með góð vetrardekk. „Það er alveg númer eitt enda mikilvægt upp á öryggið. Maður kemst ekkert án góðra dekkja.“

Þorkell var að skipta um dekk á dögunum og setti undir ný vetrardekk. Segja má að endingin á gömlu dekkjunum hafi verið ansi góð en Þorkell fór á þeim 305 þúsund mílur sem gera um 490 þúsund kílómetra. „Menn segjast varla hafa séð svona góða nýtingu á dekkjum áður. Ég keyrði þau reyndar aðeins lengur en ég vildi, mér fannst gott að komast nær vetrinum svo ég yrði með ný dekk þegar hann gengi í garð,“ segir Þorkell en tekur fram að dekkin hafi samt sem áður verið lögleg enda strangar reglur um dýpt mynstra í Bandaríkjunum.

## Þrýstingurinn þarf að vera í lagi

En hvernig lætur maður dekkin endast svona lengi? Þorkell segir nokkur atriði skipta höfuðmáli. „Í fyrsta lagi skiptir öllu að vera með réttan loftþrýsting á dekkjunum. Ég athuga þrýstinginn sjálfur á hverjum degi og það hefur mikið að segja. Þá eru vegirnir hér mun betri en á Íslandi, slitlagið er ekki eins gróft og eyðir því dekkjunum minna. Síðan er ég með tæki sem heitir Centramatic, þetta er stífa með stálhring sem heldur dekkjunum jafnvægisstilltum. Þetta getur gefið upp í tuttugu prósent betri líftíma á dekkin,“ upplýsir Þorkell. Hann bætir við að aksturslagið skipti vissulega líka máli, ekki sé gott að taka skarpar beygjur.



Gömlu dekkin sem Þorkell tók undan á dögunum.



Nýju dekkin koma sér vel þegar ekið er um Bandaríkin og Kanada.

Tíu dekk eru undir bílnum, átta að aftan og tvö að framan. „Ég skipti um öll aftari dekkin núna og það kostar skildinginn eða um 411 þúsund krónur. En þú færð í kringum tveggja ára notkun út úr þeim,“ segir Þorkell sem notar ávallt dekk frá Bridgestone að aftan. „Ég hef prófað margt annað en hef aldrei fengið eins mikið út úr dekkjum eins og Bridgestone.“

Að framan notar Þorkell hins vegar dekk frá Michelin. „Framdekk endast ávallt skemur enda meira álag á þeim. Ég næ um 160 þúsund kílómetrum út úr þeim en keyri um 240 þúsund kílómetra á ári.“

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

ÖRYGGI BÍLSINS BYGGIST Á GÓÐUM HJÓLBÖRÐUM
GOODYEAR
Sava
EUROPEAN QUALITY TIRES
GÚMMÍVINNUSTOFAN SKIPHOLTI
HANKOOK
SAILUN TIRES
Skipholti 35 – 105 Reykjavík • Sími: 553 1055 • spdekk@simnet.is

www.n1.is facebook.com/enneinn




## Michelin vetrardekk

MICHELIN Quality Dealer 2016



### Michelin X-ICE

Hljóðlát og naglalaus vetrardekk

Ný APS gúmmíblanda tryggir gott grip í kulda og hita

Frábærir aksturseiginleikar



### Michelin X-ICE NORTH

10% styttri hemlunarvegalengd á ís

Færri naglar en meira grip

Aukið öryggi og meiri virðing fyrir umhverfinu



### Michelin Alpin 5

Endingargóð naglalaus vetrardekk

Sérhönnuð fyrir fjölskyldu- og borgarbíla

Mikið skorið og stefnuvirkt munstur sem veitir frábært grip við erfiðar aðstæður

## Cooper vetrardekk

COOPERTIRES 100 Years



### Cooper Weather-Master WSC

Öflugt og gott grip við erfiðar aðstæður

Mikið skorið og stefnuvirkt munstur fyrir jeppa og jepplinga

Flott dekk fyrir íslenskt veðurfar



### Cooper Discoverer M+S

Frábært neglanleg vetrardekk fyrir jeppa

Einstaklega endingargóð með mikið skorið snjómunstur

Nákvæm röðun nagla eykur grip á ísilögðum vegum



### Cooper WM SA2+

Míkróskorið óneglanleg vetrardekk

Afburða veggrip og stutt hemlunarvegarlengd

Mjúk í akstri með góða vatnslosun

**Hjólbarðaþjónusta N1**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440 1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440 1378 | **Opið** | |
| Fellsmúla | 440 1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440 1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440 1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440 1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440 1320 | Dalbraut Akranesi | 440 1394 | **www.n1.is** | |

Hluti af vetrinum N1

# Ferðamenn upp til hópa góðir ökumenn

Akstur við íslenskar aðstæður er framandi mörgum ferðamönnum sem hingað koma. Reynt er eftir fremsta megni að veita þeim útlendingum sem hyggjast keyra á íslenskum vegum góð ráð og meðal annars er stýrisspjaldið hengt á alla bílaleigubíla.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Fyrir erlenda ökumenn getur verið mjög framandi að koma til Íslands. Margir hafa aldrei ekið í hálku eða snjó áður og aðrir hafa aldrei ekið á malarvegi áður. Útlendingar eiga því líklegast oftar í vandræðum en Íslendingar við aksturinn en flestir haga sér í samræmi við aðstæður og fara varlega. Reynt hefur verið að undirbúa erlenda ferðamenn undir akstur hér á landi með ýmsum leiðum. „Útlendingar sem taka bílaleigubíl á Íslandi fá svokölluð stýrisspjöld sem eru stórir bæklingar sem hanga á stýri bílsins þegar hann er tekinn á leigu. Á því spjaldi koma fram helstu upplýsingar um það sem sérstakt er við íslenska umferð og íslenskt vegakerfi. Þrjár tegundir af spjöldum eru til; sumar-fólksbílar, sumar-jeppar og vetrarspjöld,“ segir Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri hjá Samgöngustofu.

Ástæðan fyrir því að stýrisspjaldið er hengt á stýrið er sú að með þeim hætti getur það ekki farið fram hjá ökumanninum því hann þarf að taka það af stýrinu og því þarf ökumaðurinn að taka ákvörðun um að lesa það ekki ef hann vill ekki fræðast. Venjulegir bæklingar eru líklegri til að lenda í hanskahólfinu eða á gólfi bílsins.

Að auki eru bílaleigur flestar með sitt eigið efni sem þeir láta erlenda leigutaka fá en það efni er eins misjafnt og leigurnar eru margar. „Fyrir utan þessa bæklinga höfum við verið að dreifa mynd sem heitir Driving with Elfis til þeirra sem sýna því áhuga að koma til Íslands. Myndina má sjá, bæði í heilu lagi og eftir köflum á síðunni www.drive.is. Dreifing myndarinnar er að mestu á netinu, í gegnum Facebook-auglýsingar og Google-auglýsingar en einnig hafa einhverjar bílaleigur aðstoðað við dreifingu hennar auk þess sem hún er sýnd í afþreyingakerfi Icelandair.“



**Margir hafa aðeins ekið í borgum og jafnvel nánast aðeins ekið í umferðarteppum.**

*Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri hjá Samgöngustofu*

### Víðáttan heillar

Það eru ýmsar hættur í umferðinni á Íslandi sem erlendir ferðamenn eru ekki vanir. Eins og áður segir hafa margir þeirra ekki ekið í snjó, hálku eða á malarvegi áður. Hvað þá öllu þessu í einu. Einnig má telja blindhæðir, blindbeygjur, einbreiðar brýr, sauðfé á vegum og aðrar „sveitaaðstæður“ sem Íslendingar kunna flestir á en erlendir ökumenn þurfa margir að læra á jafnóðum. „Tvennt í viðbót má svo nefna; útsýnið og víðáttan á Íslandi er alveg nýtt fyrir marga útlendinga. Margir hafa aðeins ekið í borgum og jafnvel nánast aðeins ekið í umferðarteppum. Þeir koma svo til Íslands og sjá tugi kílómetra frá sér og sjá jafnvel engan bíl nálægt. Þetta getur valdið því að einbeitingin við aksturinn minnkar, augun fara af veginum og hugurinn af akstrinum. Að auki er beltanotkun mjög misjöfn eftir þjóðríkjum og líklegast að þeir sem ekki spenna beltin heima fyrir sleppi því einnig þegar til Íslands er komið. Að þessu öllu sögðu eru útlendingar sem hingað koma upp til hópa góðir ökumenn og fara almennt varlega þegar þeir lenda í framandi aðstæðum,“ útskýrir Þórhildur.

### Miðlun upplýsinga vandamál

Helsta vandamálið við að koma fræðsluefni til útlendinga er hversu lítill snertiflötur er við erlenda ferðamenn. Þeir horfa ekki á íslenskt sjónvarp, hlusta ekki á útvarp, lesa ekki blöðin svo miðlun upplýsinga hefur verið stærsta vandamálið. „Fyrst og fremst höfum við nálgast ferðamennina í gegnum bílaleigurnar. Að auki leyfir tæknin okkur núna að vita hverjir eru staddir hérlendis og hverjir eru að stefna hingað til lands og höfum við nýtt okkur það með Google-auglýsingum og Facebook-auglýsingum,“ segir Þórhildur og bætir við að ef fimmtán sekúndur fengjust með hverjum ferðamanni yrði minnst á beltanotkun ásamt hálku á veturna og malarvegi, og skiptingu af malbiki yfir á möl, á sumrin.

„Á síðustu fimm árum hafa um sjötíu prósent slysa á erlendum ferðamönnum verið útafakstur og bílveltur og í slíkum slysum getur beltið oft skilið milli lífs og dauða, eða að minnsta kosti skilið á milli smávægilegra marbletta og alvarlegra meiðsla.“



**Margir erlendir ferðamenn hafa aldrei ekið í hálku eða snjó áður og aðrir hafa aldrei ekið á malarvegi áður en þeir koma hingað til lands. Útlendingar sem hingað koma eru þó upp til hópa góðir ökumenn og fara almennt varlega þegar þeir lenda í framandi aðstæðum að sögn Þórhildar Elínardóttur hjá Samgöngustofu.** MYND/VILHELM







**Það er vel tekið á móti viðskiptavinum hjá Vöku í Skútuvogi.** MYND/GVA

# Hagstætt verð á vetrardekkjum

**Vaka** rekur eitt öflugasta dekkjaverkstæði landsins og býður upp á mjög gott úrval af nýjum og notuðum sumar- og vetrardekkjum á góðu verði.

Vaka var stofnuð árið 1949 og er því eitt elsta fyrirtækið í bílabransanum á Íslandi. Starfsemi þess hefur breyst og þróast yfir árin og í dag sinna starfsmenn Vöku fjölbreyttum verkefnum.

Stór þáttur í starfsemi Vöku snýr að dekkjum en fyrirtækið rekur eitt öflugasta dekkjaverkstæði landsins auk þess að bjóða upp á mjög gott úrval af nýjum og notuðum dekkjum að sögn Bjarna Ingólfssonar, framkvæmdastjóra Vöku. „Við höfum aldrei verið með jafn gott úrval af vetrardekkjum, á jafn góðu verði og fyrir þennan vetur. Flest af vinsælustu merkjunum eru til sölu hjá okkur, þar á meðal Sailun dekkin sem við höfum selt í sex ár en þau hafa reynst afskaplega vel. Þau eru líka á lækkuðu verði enda fengum við þau í hús á frábæru verði.“

Meðal annarra þekktra vörumerkja fyrir fólksbíla, sem Vaka selur, eru Hankook og Toyo en starfsmenn Vöku veita viðskiptavinum aðstoð við val á réttu dekkjunum fyrir veturinn að sögn Bjarna.

Vaka selur líka gott úrval af vetrardekkjum fyrir jeppa. „Þar hafa dekkin frá Hercules verið vinsælust síðustu árin. Við bjóðum líka upp á jeppadekk frá þekktum framleiðendum á borð við Toyo, Mastercraft og Hankook. Þetta eru allt saman vel þekkt vörumerki hér á landi sem hafa reynst vel í íslensku vetrarfærðinni.“

Auk nýrra vetrardekkja býður Vaka alltaf upp á gott úrval af notuðum dekkjum. „Það hefur alltaf verið ein helsta sérstaða okkar, að bjóða upp á úrval af notuðum sumar- og vetrardekkjum. Við tökum einnig söluhæf notuð vetrardekk upp í ný vetrardekk. Það er vinsælt hjá þeim sem eru að skipta yfir í nýjan bíl en eiga dekk í rangri stærð og vilja setja þau upp í ný vetrardekk. Auk þess bjóðum við upp á gott úrval af felgum, bæði nýjum og notuðum og viðskiptavinir okkar geta geymt dekkin sín hér á dekkjahótelinu okkar.“

**Inn á www.vakahf.is geta viðskiptavinir pantað sjálfir tíma fyrir dekkjaskipti og fundið þann tíma sem hentar þeim best.**

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

## ...OG NOTUM HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



„Fyrir tveimur árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði."

*Borgþór Vignisson, formaður*
*Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

## frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í tvö ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum."

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

**ISAVIA**

„Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson sérfræðingur / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNARFJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk."

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í tvö ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans. Á ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði."

*Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins*

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna" dekkjum á Íslandi.]

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIRLÍKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# Dekkjaskipti minna mál með netbókun

**N1** býður fólki að bóka dekkjaskipti á netinu en mikið hagræði og tímasparnaður fæst með því. Hægt er að geyma dekkin á dekkjahóteli fyrirtækisins og fá sent SMS þegar komið er að dekkjaskiptum. Öll verkstæði N1 eru vottuð af Michelin og hafa gæðastimpil fyrirtækisins.

Hjá N1 er hægt að bóka dekkjaskipti á netinu sem sparar fólki bæði tíma og fyrirhöfn. „Þetta er mjög einfalt, fólk einfaldlega fer inn á heimasíðu N1 þar sem það getur valið það verkstæði sem best hentar að fara á og bókar tíma. Áminning er svo send í SMS áður en að tímanum kemur,“ segir Dagur Benónýsson, rekstrarstjóri þjónustuverkstæða N1.

Hann segir mikið hagræði af þessu fyrirkomulagi, bílaeigendur komist hjá því að þurfa að bíða í langan tíma eftir að komast að og geti þannig varið sínum tíma betur en þeir sem bíða lengi eftir dekkjaskiptunum. „Við höfum fengið gríðarlega góð viðbrögð og í raun miklu betri en við áttum nokkurn tímann von á.“

### Vottuð verkstæði

Dekkjahótel N1 eru á öllum hjólbarðaverkstæðum fyrirtækisins og hafa þau svo sannarlega slegið í gegn hjá viðskiptavinum. „Enda þægilegt að þurfa ekki að burðast með dekkin inn og út úr bílskúr eða geymslum og troða þeim óhreinum í skottið eða inn í bílinn sem er nú ekki mjög smekklegt. Þegar við skráum hjólbarða inn á hótel þá er ástand, heiti, eigandi og staðsetning skráð. Þegar líður að dekkjaskiptum að vori og hausti sendum við viðskiptavinum SMS um að dekkin þeirra séu klár til undirsetningar,“ útskýrir Dagur.

Hjá N1 er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og hafa öll verkstæði fyrirtækisins þann gæðastimpil að vera vottuð af Michelin sem tekur þau út árlega. Í þeirri úttekt er farið yfir alla verkferla, samskipti við viðskiptavini og tækjabúnað. „Við þurfum að ná ákveðnu skori til að standast úttekt. Verkstæðin okkar hafa ávallt staðist þessa úttekt með glæsibrag og eru á meðal bestu verkstæða sem þeir hafa vottað. Þegar við höfum staðist úttekt þá fáum við stimpilinn Michelin Quality Dealer.“

### Hágæða hjólbarðar í úrvali

Veitt er hjólbarðaþjónustu á níu verkstæðum N1 af ellefu. Þau eru á höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Akranesi, og á Akureyri. „Við bjóðum upp á hjólbarðaþjónustu fyrir öll farartæki ásamt því að veita smurþjónustu og bílaviðgerðir. Starfsmenn okkar hafa mjög víðtæka reynslu og þekkingu sem við höldum við með reglulegum námskeiðum á vegum Michelin, Cooper, Tech og fleiri fagaðilum í greininni.

Við erum einnig með öfluga útkallsþjónustu alla daga ársins og vorum að bæta mjög öflugum bíl við þann flota. Með þeim bíl getum við auðveldlega tekið stærstu hjólbarða undan tækjum þar sem þau eru staðsett, farið með á verkstæði, gert við og sett undir aftur. Þessi þjónusta er líka vottuð af Michelin,“ segir Dagur og bætir við að N1 bjóði upp á mjög breiða línu frá Michelin eða allt frá mótorhjóladekkjum upp í stærstu landbúnaðar- og vinnuvéladekk sem geta vegið á annað tonn hvert.

„Við pöntum dekk frá Michelin í gámavís í hverri viku þannig að við getum í mörgum tilfellum fengið dekk frá þeim á tveimur til þremur vikum. Michelin er einn stærsti hjólbarðaframleiðandi í heimi og leggur gríðarlega áherslu á tækniþróun enda eru þeirra barðar þekktir fyrir framúrskarandi gæði.“

Einnig eru dekk frá Cooper í boði hjá fyrirtækinu. „Cooper er gamalgróinn hjólbarðaframleiðandi og eru barðarnir frá þeim þekktir fyrir gæði og gott grip. Jeppadekkin frá þeim eru ein þau vinsælustu hér á landi og hafa verið það til margra ára. Ásamt jeppadekkjum bjóðum við einnig upp á fólksbíla-, mótorhjóla- og sendibíladekk. Mótorhjóladekkin eru framleidd undir vörumerki Avon,“ lýsir Dagur.

N1 er einnig með hjólbarða frá eftirtöldum aðilum; Mitas landbúnaðardekk og vinnuvéladekk, Kumho fólksbíladekk, sendibíladekk og vörubíladekk, WestLake fólksbíladekk, vörubíladekk og landbúnaðardekk og Carlisle fjórhjóladekk og ýmis smádekk.



Samheldinn hópur starfsmanna N1 á Réttarhálsi. MYND/STEFÁN

> **Við höfum fengið gríðarlega góð viðbrögð og í raun miklu betri en við áttum nokkurn tímann von á.**
>
> *Dagur Benónýsson*

# Verður líklega öflugasti jeppi landsins

Björgunarsveitin **Kyndill** í Mosfellsbæ hefur fest kaup á glænýjum Ford F 350 2016 en sveitin hefur ekki keypt nýjan bíl síðan 1997. Bíllinn var fluttur inn frá Bandaríkjunum og hefur síðan undirgengist umtalsverðar breytingar. Þær standa enn yfir en gert er ráð fyrir því að hann verði tilbúinn innan nokkurra vikna. Hægt verður að berja hann augum á sýningunni Björgun í Hörpu um næstu helgi.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



„Það var ákveðið að setja undir hann 54 tommu dekk en það eru stærstu dekk sem hægt er að fá undir bíl sem ekki flokkast sem vinnuvél,“ segir Fannar Þór Benediktsson, sem situr í stjórn Kyndils. „Eins var ákveðið að búa hann svokölluðum unimock hásingum sem koma undan Bens-vörubílum en þær hafa þann kost að sitja hærra en hefðbundnar hásingar. Lægsti punktur undir bílnum er því tæpur metri,“ útskýrir Fannar.

Inni í hásingunum eru svo loftlagnir sem gera það verkum að hægt er að hleypa lofti í og úr dekkjunum að innanverðu. „Þú þarft með öðrum orðum ekki að vera með utanáliggjandi slöngur og er hægt að hleypa í og úr á ferð.“ Aðspurður segir Fannar það gert til að auka yfirborðsflatarmál dekkjanna og fá betra viðnám. „Þá næst miklu betra flot í drullu og snjó.“

Bíllinn er búinn loftpúðafjöðrun allan hringinn, öflugu gpstæki, nettengdri fartölvu, þremur talstöðvum, sírenu og kallkerfi en auk þess er verið að bæta við hann merkingum, kösturum, leitarljósum og ýmsum smáljósum.

Bíllinn er að sögn Fannars að mestu tilbúinn útlitslega en það á eftir að bæta við hann rafmagni og festingum svo eitthvað sé nefnt. „Við erum að vonast til að hann verði fullbúinn um miðjan nóvember en í seinasta lagi fyrir áramót,“ segir Fannar og bendir á að bíllinn verði til sýnis á ráðstefnunni Björgun sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg stendur fyrir í Hörpu um næstu helgi.

Að endingu kemur bíllinn til með að verða einn öflugasti jeppi á höfuðborgarsvæðinu og líklega á öllu landinu. „Hann ætti því að koma að góðum notum uppi á hálendi og í útköllum þar sem færð er slæm.“

En af hverju ákvað Kyndill að ráðast í þessi kaup? „Við höfum alltaf verið mikil tækjasveit. Við erum með marga jeppa, öfluga sleðasveit og fjórhjóladeild. Við erum nú þegar með einn Ford Econoline sem er á 46 tommu dekkjum. Það var mikil umræða um það hvort við ættum að fá okkur annan bíl í þeim stærðarflokki eða jafnvel minni og léttari bíl en það hefur verið þróunin hjá flestum sveitum á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru menn að bæta við sig 38 tommu eða 44 tommu Toyota Land Cruiser eða Hilux svo dæmi séu nefnd. Eftir vandlega íhugun ákváðum við hins vegar frekar að fara í stærri bíl enda mátum við það svo að mögulega væri meiri þörf á slíkum bíl í útköll þar sem um er að ræða mikla ófærð. Þá bindum við vonir við að hann muni vinna vel á móti hinum Fordinum okkar. Þetta verður flott par.“



Fannar segir bílinn koma til með að reynast vel á hálendinu og í slæmri færð.

> **Eftir vandlega íhugun ákváðum við að fara í stærri bíl enda mátum við það svo að mögulega væri meiri þörf á slíkum bíl í útköll þar sem um er að ræða mikla ófærð.**
>
> *Fannar Þór Benediktsson*



Jeppaþjónustan Breytir ehf. hefur umsjón með breytingunum. Vonast er til að bíllinn verði tilbúinn fyrir áramót.





Bíllinn er búinn svokölluðum unimock hásingum en þær sitja mun hærra en hefðbundnar hásingar.




# Glansandi felgur sem tekið er eftir - með Xtreme Felguhreinsinum frá Sonax.

Hraðvirkur og öflugur hreinsir fyrir allar felgur og hjólkoppa.

BRANDS OF THE CENTURY
SONAX
2016
GERMAN STANDARDS

SONAX®

# Stíga nú stórt skref fram á við

**Arctic Trucks** kynnir til sögunnar ný og byltingarkennd 44 tommu vetrardekk snemma á næsta ári. Þau eru frá Nokian Tyres og eru sérstaklega hönnuð til aksturs við erfiðar aðstæður. Dekkið hefur frábært grip, einstaka endingu og flýtur mjög vel í djúpum snjó.

Snemma á næsta ári mun Arctic Trucks hefja sölu á nýjum og byltingarkenndum 44 tommu vetrardekkjum frá finnska fyrirtækinu Nokian Tyres. Fyrirtækin tvö hönnuðu dekkið í sameiningu sem ber nafnið Nokian Hakkapeliitta 44 og er að sögn Herjólfs Guðbjartssonar, framkvæmdastjóra Arctic Trucks, sérstaklega hannað til aksturs við erfiðar aðstæður að vetri til. „Dekkið hefur frábært grip, einstaka endingu og flýtur mjög vel í djúpum snjó. Í raun eru engin dekk á markaðinum í dag af þessari stærð sem eru sérstaklega hönnuð sem vetrardekk. Þau dekk sem hafa verið notuð undir mikið breytta bíla hingað til eru ekki sérstaklega hönnuð til vetraraksturs. Nýja dekkið okkar hentar hins vegar mjög vel á vegum og vegleysum, uppi á jöklum, á malarvegum og eru sérlega góð í snjó og hálku. Auk þess eru þau prýðileg á þjóðvegum landsins við hefðbundnar aðstæður. Þess má geta að fyrstu dekkin hafa þegar verið send til Suðurskautslandsins þar sem þau verða prófuð við erfiðustu hugsanlegar aðstæður, í leiðangri sem Arctic Trucks tekur þar þátt í á næstu mánuðum.“

Bæði fyrirtækin, Nokian og Arctic Trucks, eru sérfræðingar í vetrarakstri og hafa átt mjög gott samstarf sem skilað hefur frábærum árangri hingað til. „Samvinna okkar hófst fyrir fjórum árum þegar þeir framleiddu fyrir okkur 35 tommu dekk en það var kynnt til sögunnar árið 2014. En í raun má segja að þetta hafi allt saman byrjað 2005 þegar Arctic Trucks setti á markað eigin vetrardekk. Það voru 38 tommu dekk sem voru bylting á sínum tíma enda fyrstu vetrardekkin fyrir íslenskar aðstæður í þeirri stærð. Þau eru framleidd í Kína og eru enn seld við góðan orðstír. Með nýja dekkinu erum við einfaldlega að stíga skref fram á við og við vinnum nú með einum virtasta dekkjaframleiðanda heims.“




> **Nýja dekkið okkar hentar hins vegar mjög vel á vegum og vegleysum, uppi á jöklum, á malarvegum og eru sérlega góð í snjó og hálku. Auk þess eru þau prýðileg á þjóðvegum landsins við hefðbundnar aðstæður.**
>
> *Herjólfur Guðbjartsson*

Nýju vetrardekkin verða seld hjá Arctic Trucks og gerir Herjólfur ráð fyrir að þau komi í hús í febrúar eða mars. „Einnig erum við að skoða möguleika á sölu þeirra erlendis í samstarfi við Nokian en það mun skýrast á næstu mánuðum.“




**„Dekkið hefur frábært grip, einstaka endingu og flýtur mjög vel í djúpum snjó,“ segir Herjólfur Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Arctic Trucks.** MYND/STEFÁN

# Fyrsti íslenski þátttakandinn á Goodwood Festival of Speed

**Valdimar Jón Sveinsson** hefur verið með svæsna bíladellu frá því hann man eftir sér fyrst. Hann stundar bæði rallí-akstur og torfæru og hefur keppt frá því hann fékk bílpróf. Valdimar fór í sumar til Bretlands og tók þátt í Goodwood Festival of Speed, fyrstur Íslendinga.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Valdimar segir það geta verið flókið að stunda bæði rallí og torfæru því sportin eru tímafrek og kostnaðarsöm. „Þetta er mjög dýrt sport. Með góðri aðstoð reddast þó allt saman,“ segir hann. Valdimar hefur tekið þátt í fjölmörgum aksturskeppnum en hefur lítið keppt í sumar. Ástæðan er sú að hann fjárfesti í einbýlishúsi í Njarðvík. „Ég var mjög mikið að keppa í fyrrasumar, eiginlega alveg hægri – vinstri. Ég leiddi til dæmis Íslandsmótið í rallíinu í fyrra,“ segir hann. Á döfinni var keppnisferð til Bandaríkjanna fyrr í þessum mánuði en Valdimar hætti við hana vegna húsakaupanna. „Maður lætur slíkt ganga fyrir en félagi minn keyrði bílinn í minn stað.“

### Glæsibílar í Bretlandi

Valdimar fór til Bretlands í júní og tók þátt í stærstu mótorsportsýningu í Evrópu sem nefnist Goodwood Festival of Speed. „Það var æðislega gaman. Íslendingar hafa ekki áður tekið þátt í þessari sýningu. Þetta er meira sýning en keppni og það voru 300 þúsund manns mættir þarna. Mín þátttaka var bæði kynning fyrir Ísland og bílasportið hér. Stórkostleg upplifun að taka þátt í svona sýningu þar sem glæsilegir bílar eru sýndir. Þeir voru sérstaklega margir í sumar þar sem sýningin hélt upp á 50 ára afmæli. Einungis tveir torfærubílar voru á sýningunni,“ segir Valdimar.

Það reynir á að keppa bæði í rallí og torfæru. Menn þurfa að vera bæði andlega og líkamlega vel á sig komnir. Valdimar segist æfa lyftingar og þol daglega. „Það eru strangar öryggiskröfur hjá akstursíþróttamönnum. Slys eru fátíð í þessum greinum. Við þurfum að klæðast sérstökum búningum og bíllinn þarf sömuleiðis að vera búinn sérstökum öryggisbúnaði. Allir bílar fara í stranga öryggisskoðun fyrir keppni,“ segir Valdimar og bætir við að maður þurfi að eiga skilningsríkan maka til að stunda þetta sport. „Það er mikið fyrirtæki að reka tvo keppnisbíla en konan mín veit að þetta er fíkn sem fylgir mér alla tíð.“

### Alltaf með bíladellu

Bíladellan kemur víða fram hjá Valdimari. Hann ekur daglega á Range Rover og Ford Pickup. Í skúrnum á hann glæsilegan fornbíl, Bel air árgerð ´57. „Það er gríðarlega flott tæki sem fer út á hátíðisdögum,“ segir hann. „Ég keypti bílinn hér á landi og er að mála hann,“ segir Valdimar sem er lærður bílamálari og starfar hjá Tjónaskoðun.is í Hafnarfirði. „Ég lauk nánast námi í vélvirkjun en þar sem ég var alltaf að sprauta bílana mína þá skipti ég yfir í bílamálun.“

Valdimar er að bæta við sig þriðja keppnisbílnum. Það er annar Mitsubitshi Lancer sem hann hefur verið að smíða. „Maður er alltaf að bæta við sig. Ég býst við að það verði mikið keppt næsta sumar og byrjað snemma,“ segir Valdimar sem heldur úti Snapchat með notendanafninu crashhard99 en þegar fylgja honum 9.000 manns. Einnig heldur hann úti Facebook-síðu með sama nafni.



**Stuðningsstelpur, Alexandra Hauksdóttir, kona Valdimars, er í miðjunni ásamt þeim Freyju og Grétu.**

> **Menn þurfa að vera bæði andlega og líkamlega vel á sig komnir til að taka þátt í torfæru eða rallíakstri. Miklar öryggiskröfur eru gerðar í bílasportinu.**
>
> *Valdimar Jón Sveinsson*



**Valdimar á toppi torfærubílsins ásamt hópi af svokölluðum „service“-strákum.**



**Rallíbíllinn í akstri.**




# RÉTTU DEKKIN!

**Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi við misjöfn akstursskilyrði. Fáðu ráðleggingar fagmanna okkar við val á réttum dekkjum fyrir þig.**

Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjótháls 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

# Betra að bílarnir séu með vesen

Hópur starfsmanna hjá **Arctic Trucks** fer árlega í druslubílaferð. Jepparnir í ferðinni eru mikið breyttir, gamlir og í sumum tilfellum frekar lélegir. Sjaldan er vitað hvernig ferðin þróast hverju sinni en alltaf er slegið upp grillveislu á laugardeginum með heimalagaðri bearnaise-sósu.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is





Ís brotnaði undan 54 tommu Ram.

Druslubílaferðir eru skemmtilegir viðburðir hjá hópi fólks sem inniheldur að stærstum hluta starfsmenn Arctic Trucks, vini þeirra og kunningja. Um er að ræða árlegar jeppaferðir sem yfirleitt eru skipulagðar í byrjun mars en jepparnir sem fá að fljóta með eru mikið breyttir, gamlir og í sumum tilfellum frekar lélegir að sögn þeirra Kristins Magnússonar og Baldurs Gunnarssonar, tveggja meðlima hópsins. „Það þykir betra að það sé líklegt að bílarnir verði með vesen en þeir verða að drífa vel. Mottóið er: „Þeir sem bila verða dregnir, þeir sem drífa ekki verða skildir eftir“. Þeir sem koma í þessa ferð eru oftast þeir sömu og smíðuðu bílana svo þeir eru vanir að gera við og að sjálfsögðu fá menn aðstoð ef þess þarf,“ segir Kristinn.

Baldur nefnir dæmi um jeppa sem farið hafa með undanfarin ár. „Þar má nefna 1947 árgerð af blæju Willys með 400 hestafla V-áttu, gamla súkku á 38 tommu dekkjum með V6 suzuki vél, Hilux sem búið var að setja ofan á grind og vélbúnað úr LC120 V6. Einnig hafa komið með stór Bronco á 44 tommu dekkjum með 460 big block, gamall Chevy hertrukkur á 49 tommum og svo mikið smíðaðir nýrri Hiluxar, Tacomur og Cruiserar.“ Ferðirnar eru miklar ævintýraferðir sem enginn veit hvernig þróast, utan þess að á laugardagskvöldinu er alltaf slegið upp veislu með grilluðum lambalærum og heimagerðri bearnaise-sósu.

### Ýmis ævintýri

Þeir félagar rifja upp síðustu ferð sem farin var í Veiðivötn í mars síðastliðnum. „Flestir lögðu af stað á föstudeginum, færið var gott og engin teljandi vandamál á leiðinni utan nokkurra smábilana sem var reddað fljótlega. Á laugardeginum var stefnan sett á Jökulheima en þar sem það er örstutt frá Veiðivötnum átti að fara bakdyraleiðina. Við fórum að Tröllinu og þar yfir Tungnaá. Það var smá bras á leiðinni þar sem einn bíllinn fór á hlið ofan í sprungu í Veiðivatnahrauninu. Bíllinn skemmdist lítillega og var dreginn upp. Annar lenti á grjóti og beygði felgu en hún var barin í horfið og haldið áfram. Okkur gekk nokkuð vel yfir Tungnaá og komumst yfir án teljandi vandræða.“

Þegar ein súkkan hætti að ganga gafst færi á að grilla hádegisborgara. En þegar komið var að Faxasundi byrjuðu vandræðin. „Þar var of mikið vatn og snjór svo það var ekki fært í gegn. Einhverjir festust og aðrir voru tæpir á að velta en það fór allt vel að lokum. Við reyndum nokkur önnur gil, en hugmyndin var að komast upp á Breiðbak og þaðan í Jökulheima. Þegar leið á daginn varð ljóst að það myndi ekki hafast. Þá var snúið við og hefðbundin leið farin í Jökulheima. Þar gátum við keyrt greitt og þetta endaði í góðum kappakstri.“ Í Jökulheimum voru grilluð nokkur læri og hrært í tíu lítra af bearnaise-sósu þar sem notuð var sérútbúin borvél með góðum árangri.



Tíu lítrar af bearnaise-sósu matreiddir í Jökulheimum með sérútbúinni borvél.

### Færið þyngist

Daginn eftir fór stór hluti hópsins norður í Heljargjá í frekari ævintýri. „Það gekk ekkert sérstaklega vel, enda færið þungt og lítið skyggni. Þar gaf sig öxull í gamalli Wagoneer hásingu í Wrangler en honum líkaði sennilega ekki aflið frá sex lítra 8 gata mótornum. En eigandinn er séður og var búinn að kaupa nýja öxla og hafði þá með. Þá gafst líka þetta fína tækifæri til að grilla á meðan á viðgerðum stóð. Á leiðinni gaf framdrif í súkku einnig upp öndina en henni var að sjálfsögðu hjálpað niður. Gírkassi í Willys fékk líka nóg og hætti að vilja fara aftur á bak en þá var bara farið hraðar áfram.

Við komumst niður um kvöldmatarleytið og héldum þaðan heim eftir góða helgi með tiltölulega lítið af bilunum og ónotaða suðupinna sem er ekki mjög algengt í þessum ferðum.“

Þetta er skemmtilegur hópur að þeirra sögn, fjölbreytt bílaflóra og mórallinn er góður. „Það er gaman að sjá alla jeppana koma saman og fara sömu leið. Við erum strax búin að ákveða næstu dagsetningu og matseðilinn en að öðru leyti er ekki búið að plana mikið. Aðalatriðið er að bóka skála og ákveða nokkurn veginn hvaða leið við ætlum að fara.“



Farið yfir stöðu mála í einni pásunni.




**DICK CEPEK** dekkin eru amerísk gæðavara og þekkt fyrir frábæra endingu, auk þess að vera afar hljóðlát. **DICK CEPEK** dekkin fást í þremur mismunandi útfærslum og í stærðum frá 29 til 44 tommu, og passa því undir flestar gerðir jeppa og jepplinga.

**NOKIAN** er einn virtasti framleiðandi í heimi á vetrardekkjum. **Arctic Trucks** hefur átt gott samstarf við **Nokian** sem skilað hefur frábærum árangri enda koma hér saman tveir sérfræðingar í vetrarakstri. AT315 35 tommu dekkið er afrakstur þessa samstarfs og í byrjun árs er væntanlegt á markað nýtt 44 tommu dekk sem sérstaklega er hannað til aksturs við afar erfiðar aðstæður að vetri til.

TILBOÐ LOFTDÆLA fylgir öllum seldum dekkjagöngum!



Viair 85p

ÖLL ALMENN DEKKJAÞJÓNUSTA
TÍMABÓKANIR
Í SÍMA 540 4900

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.com

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

# WEST LAKE®

## HARÐKORNADEKK

# Traust vetrardekk á frábæru verði

| Stærðir og Tegundir | FULLT VERÐ ÁÐUR 4STK | TILBOÐSVERÐ 4STK |
|---|---|---|
| 175/65R14 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~48,000 kr.~~ | 35,000 kr. |
| 175/65R14 Westlake IceComfort SW618 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~62,000 kr.~~ | 45,000 kr. |
| | | |
| 185/65R15 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~55,000 kr.~~ | 40,000 kr. |
| 185/65R15 Westlake IceComfort SW618 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~70,000 kr.~~ | 51,000 kr. |
| 195/65R15 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~59,000 kr.~~ | 43,000 kr. |
| 195/65R15 Westlake IceComfort SW618 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~74,000 kr.~~ | 54,000 kr. |
| | | |
| 205/55R16 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~70,000 kr.~~ | 51,000 kr. |
| 205/55R16 Westlake IceComfort SW618 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~92,000 kr.~~ | 67,000 kr. |
| 235/70R16 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~92,000 kr.~~ | 67,000 kr. |
| 235/70R16 Westlake IceComfort SW658 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~127,000 kr.~~ | 93,000 kr. |
| 245/70R16 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~105,000 kr.~~ | 77,000 kr. |
| 245/70R16 Westlake IceComfort SW658 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~140,000 kr.~~ | 102,000 kr. |
| 285/75R16 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | ~~193,000 kr.~~ | 141,000 kr. |
| 315/75R16 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | ~~241,000 kr.~~ | 176,000 kr. |
| | | |
| 215/50R17 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~105,000 kr.~~ | 77,000 kr. |
| 215/50R17 Westlake IceComfort SW618 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~136,000 kr.~~ | 99,000 kr. |
| 225/55R17 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~105,000 kr.~~ | 77,000 kr. |
| 225/55R17 Westlake IceComfort SW618 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~140,000 kr.~~ | 102,000 kr. |
| 235/65R17 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~123,000 kr.~~ | 90,000 kr. |
| 235/65R17 Westlake IceComfort SW658 Loftbólu/korna Vetrardekk Ón | ~~145,000 kr.~~ | 106,000 kr. |
| 265/70R17 Westlake FrostExtreme SW606 Harðkorna Vetrar/Heilsárs Nl | ~~136,000 kr.~~ | 99,000 kr. |
| 285/70R17 Westlake Carbon Radial AT SL369 Alhliða Jeppadekk | ~~205,000 kr.~~ | 150,000 kr. |
| 35X12,50R17 Westlake MUD LEGEND Utanvega Jeppadekk SL386 Nl | ~~263,000 kr.~~ | 192,000 kr. |

## Test framkvæmt 2016 af TEST WORLD í Finlandi, ARCTIC DRIVING CENTER

Tyre: SUV WINTER — Dimension: 235/65 R 17

| TYRE | BRAKING 50-0 meter | RANK | TRACTION seconds | RANK | SLALOM 36 M seconds | RANK | SLALOM 18 M seconds | RANK |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dunlop SP Winter | 30,9 | 2 | 5,4 | 2 | 14,7 | 3 | 17,6 | 3 |
| Kumho IZEN | 31,0 | 3 | 5,4 | 2 | 14,9 | 5 | 17,8 | 4 |
| Westlake SW 658 | 27,0 | 1 | 4,9 | 1 | 13,8 | 1 | 15,8 | 1 |
| Hankook Winter | 33,2 | 5 | 5,7 | 5 | 14,8 | 4 | 18,8 | 5 |
| Nankang Snow | 32,3 | 4 | 5,5 | 4 | 14,3 | 2 | 16,5 | 2 |

Hægt er að sjá allar stærðirnar og verðlista á vefsíðuni okkar
**dekkverk.is**

Netgíró

Dreifðu greiðslunni eða borgaðu eftir 14 daga

SKEMMTILEGA ÓDÝR

# DEKKVERK



**Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ**

**Sími: 578 7474 www.dekkverk.is**

**OPIÐ ALLA DAGA 10-19**





## Ekið að vetri

Á vef FÍB er að finna góðar og gildar ráðleggingar um hvernig best er að haga vetrarakstri.

- Þrífið bílinn og bónið, það dregur úr viðloðun snjós og frosts. Góð bónhúð ver einnig gegn tæringu frá götusaltspæklinum sem þéttbýlisbúar aka oft í dögum saman.
- Smyrjið læsingar með lásaolíu, það dregur verulega úr líkum þess að læsingar frjósi fastar. Berið varnarefni (silicon) á þéttilista dyra til að fyrirbyggja að dyrnar festist í frosti.
- Fyllið tankinn í hvert skipti sem bensín er keypt. Hætt er við að loftraki þéttist á veggjum bensíntanks sem fylltur er óreglulega og safnist fyrir í tankbotni. Í frosti verður klakamyndun og íshröngl- ið getur stíflað bensínleiðslur með tilheyrandi gangtruflunum. Til varnar þessu er ráðlagt að blanda ísvara í bensínið á haustin.
- Góðir hjólbarðar eru grundvallar öryggisþáttur og geta skipt sköpum við erfiðar vetraraðstæður. Áríðandi er að hafa réttan loftþrýsting í hjólbörðum til að þeir endist vel og virki rétt. Mynsturdýpt ræður miklu um veggrip á blautum eða snjóugum vegum og ekki ráðlegt að hafa það minna en 3-4 mm. Þegar kólnar í veðri er nauðsynlegt að skipta yfir í vetrar- eða heilsársdekk. Slitsóli þessara hjólbarða er úr gúmmíblöndu sem ekki stífnar í kulda, sem eykur veggrip og rásfestu ökutækja. Gúmmíblandan í sumarhjólbörðum byrjar að harðna þegar hitinn er kominn niður fyrir +7°C. Við -15°C verða sumarhjólbarðar álíka harðir og hart plastefni.
- Athugið frostþol kælivökvans á haustin. Frostþol ætti að vera a.m.k -25°C. Einfaldast er að nota frostlagarmæli sem hægt er að fá að láni á flestum bensín- og smurstöðvum.
- Fyllið upp rúðuvökvakútinn með frostþolnum vökva. Athugið virkni þurrkanna og hvort blöðin séu í lagi.
- Kannið ástand viftureimarinnar.
- Í sumum tilvikum er hleðsluspenna bíla of lág og það skapar vanda þegar lofthitinn lækkar. Lág hleðsluspenna dregur úr líftíma rafgeymis. Hleðsluspennan þarf að vera 1,4,2 til 14,5 volt en 14,4 volta spenna er talin æskilegust.
- Útfellingar á geymasamböndum geta orsakað erfiðleika við gangsetningu, sérstaklega í kuldatíð. Útfellinguna er auðvelt að fjarlægja með volgu vatni, stálull eða fínum sandpappír.Til að hindra útfellingu er gott að strjúka sýrulausri feiti, t.d. vaselíni yfir geymasamböndin og skaut rafgeymisins.
- Rafgeymar nýrri bíla þurfa lítið sem ekkert viðhald þannig að ekki þarf að fylgjast með magni rafgeymavökvans. Á eldri geymum þarf að athuga sýrumagn, það á að nema við merkingar eða u.þ.b. 10 mm ofan við plöturnar.
- Yfirfarið kveikjukerfið. Lélegir kveikjuþræðir auka mótstöðuna fyrir rafneistann til kertanna og það er mjög algengt vandamál við gangsetningu.
- Munið að hafa rúðusköfu og lítinn snjókúst á aðgengilegum stað. Önnur góð hjálpartæki eru keðjur, vasaljós, startkaplar, dráttartóg og handhæg snjósköfla.

## NAGLADEKKIN LEYFÐ 1. NÓVEMBER



Nagladekk eru leyfileg í Reykjavík á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl ár hvert. Margir telja litla þörf fyrir nagladekk á höfuðborgarsvæðinu. Vetrardekk eða heilsársdekk hafa gefist vel. Nagladekkin auka kostnað við viðhald og sömuleiðis eyðir bíllinn meira bensíni með nagladekkjum. Þá hafa nagladekk mikil áhrif á svifryk í andrúmslofti sem er slæmt fyrir heilsu manna.

Nú er þess krafist að lágmarksdýpt mynsturs í vetrardekkjum sé minnst þrír millimetrar. Hlutfall nagladekkja var 31 prósent á höfuðborgarsvæðinu við talningu síðasta vetur. Fyrir nokkrum árum var nagladekkjanotkun 67% svo hún hefur minnkað umtalsvert.

Sekt fyrir að aka á nagladekkjum utan þess tíma þegar það er leyfilegt er 5.000 krónur á hvert dekk. Það þarf því að reiða fram 20 þúsund krónur ef fólk er tekið á nöglum fyrir 1. nóvember.



## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**VERÐ AÐEINS KR.3.290.000.-**
NÝR HYUNDAI I30 COMFORT STATION MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ. Árg.'16,bensín,sjálfskiptur, verð á sambærilegum bíl í umboði kr.3.790.00.- Rnr.128133,er á staðnum. S:562-1717.



**VERÐ AÐEINS KR.6.990.000.-**
BMW X5 XDRIVE.Árg.'12,ek. aðeins 77.þús km, dísel,sjálfskiptur,stórglæsilegur jeppi, Rnr.128456,er á staðnum,S:562-1717.

**Bílalíf**
**Kletthįls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

BÍLA GALLERÍ



**FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND**
MERCEDES-BENZ GL350 Árgerð 2014, Ekinn 22 Þ.KM, dísel, Sjálfsk. Umboðsbíll. Leður, glerþak ofl. Verð 13.9 millj. Rnr.100096.



**FLUTTIR VIÐ SMÁRALIND**
VW Passat Alltrack 4x4 Dísel 190 hö. Árg 2016, ekinn 40 Þ.km, Sjálfsk. Verð 5.990 þ. Rnr.100874.

**Bílagallerí bílasala**
**Hagasmára 2-4 v.Smáralind, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagallerí.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

Toyota Kauptúni



TOYOTA Auris h/b sol hybrid. Árgerð 2011, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.270.000. Rnr.182640.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6, 210 Garðabær**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

## Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. S. 6162597



Skoda Octavia 2006. Bensín. Sjálfsk. Verð 499þ. S. 6162597

## 0-250 þús.



Stratus Árg 1999 2.5l vél. Ekinn aðeins 56.000 km. Skoðaður 2017. Fór yfir á tíma. Verð aðeins 159.000-kr. Uppl. í s. 779 2416

## 500-999 þús.



**6 MANNA - SJÁLFSKIPTUR**
HONDA STREAM 2,0I ES VTEC 2004 ek.143 þús, sjálfskiptur, 6 manna, sk.17, góð heilsársdekk, verð 890 þús möguleiki á 100% láni í 36 man s.841 8955



**SPARNEYTINN VINNUBÍLL**
VW CADDY 2.0 metan (orginal) 2007 ek.108 þús, 5 gíra, með gluggum, ásett verð 1290 þús TILBOÐ 950 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.


SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**


# BÍLAHÖLLIN

**Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík S. 567 4949**
**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18**
**Lau kl. 11-15 • Lokað sunnudaga.**



**KIA Rio lx 1.4 diesel.**
Árgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Staðgreiðsluverð 2.090.000.** Rnr.330301.
Bíllinn er á staðnum.



**KIA Ceed lx 1.4 new wagon diesel.**
Árgerð 2015, ekinn 47 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Staðgreiðsluverð 2.690.000.** Rnr.288355.
Bíllinn er á staðnum



**MAZDA 6 wagon vision.**
Árgerð 2016, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Staðgreiðsluverð 3.690.000.** Rnr.311753.
Bíllinn er á staðnum.



**SUZUKI Vitara gl.**
Árgerð 2015, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Staðgreiðsluverð 3.490.000.** Rnr.311757.
Bíllinn er á staðnum



**HYUNDAI I10 comfort.**
Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Staðgreiðsluverð 1.850.000.** Rnr.288418.
Bíllinn er á staðnum.



**HONDA Cr-v elegance.**
Árgerð 2016, ekinn 38 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Staðgreiðsluverð 4.850.000.** Rnr.288419.
Bíllinn er á staðnum.



**HONDA Jazz 1,4i ls.**
Árgerð 2006, ekinn 153 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 790.000.** Rnr.288461. Bíllinn er á staðnum.



**SUZUKI Swift gl 4x4.**
Árgerð 2015, ekinn 34 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.390.000.** Rnr.151664. Ný vetrardekk fylgja.
Bíllinn er á staðnum.



**TOYOTA Hilux d/c, sr 3.l 33".**
Árgerð 2015, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 7.750.000.** Rnr.151641. Bíllinn er á staðnum.



**HONDA Cr-v elegance .**
Árgerð 2014, ekinn 34 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000.** Rnr.288394.
Bíllinn er í salnum hjá okkur.



**TOYOTA Land cruiser vx 150 series 33".**
Árgerð 2015, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 11.900.000.** Rnr.151649.
Bíllinn er í salnum hjá okkur.



**TOYOTA Rav4 gx.**
Árgerð 2016, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.090.000.** Rnr.151665. Bíllinn er í salnum.

## atvinna

### Kopar restaurant

**auglýsir eftir og leitar að matreiðslunema, einstaklingi sem hefur ástríðu og áhuga á matargerð, er duglegur, hress og stundvís**

Áhugasamir sendi fyrirspurnir, ferilskrá og umsókn á Ylfu á netfangið koparumsokn@gmail.com eða í síma 866-9629

Kopar Restaurant er veitingastaður iðandi af mannlífi með einstakri stemmningu, staðsettur við gömlu höfnina í Reykjavík. Á staðnum starfar flottur hópur starfsfólks sem hefur hlotið verðlaun og viðurkenningu fyrir störf sín á sviði matreiðslu.

**Sjá nánar á www. koparrestaurant.is**

KOPAR

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**

Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**joismidur.is**
Nýsmíði & Viðhald.
Tilboð eða tímavinna.
Jóhann S. 897 3006




## Rafvirkjun

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**
Löggiltur rafverktaki
Sími:
**696 5600**
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

s. 552-4910.

Vissir þú að... börn eiga rétt að leita sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi

## Vélar og verkfæri




## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is






## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**
150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## ATVINNA

### Atvinna í boði

Óska eftir vönum málurum. Næg vinna framundan. Uppl. S: 7791070

### Vinnuvélar

**KVEIKUR**
www.kveikur.is



**Ný vél til á lager!**
Eurocomach ES 57 ZT árgerð 2016 5500kg. Vökva hraðtengi, þrjár skóflur, klár fyrir rototilt. **Upplýsingar í síma 519 2210 www.kveikur.is**



**Ný vél til á lager!**
ES 18 ZT árgerð 2016 1810kg. Hraðtengi, þrjár skóflur og fleygur.
**Upplýsingar í síma 519 2210 www.kveikur.is**



**Ný vél til á lager!**
ES 10 ZT árgerð 2016 1060kg. Hraðtengi, þrjár skóflur og fleygur. **Upplýsingar í síma 519 2210 www.kveikur.is**



**Ný vél til á lager!**
E 245 K árgerð 2016 3800kg. Hraðtengi, fjórar skóflur og gaflar. **Upplýsingar í síma 519 2210 www.kveikur.is**



**JLG vinnulyftur og lyftarar.** Eigum lyftur á lager. **Upplýsingar í síma 519 2210 www.kveikur.is**

**KVEIKUR**
Sími 519 2210






## fasteignir

**TRAUSTI fasteignasala**


**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari
867-3040


**Auðun Ólafsson**
Löggiltur fasteignasali
S: 894-1976

### SAFAMÝRI 42




**OPIÐ HÚS Í DAG ÞRIÐJUDAG KL. 17:30 – 18:00**
Snyrtileg þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í góðu fjölbýlishúsi.Vestursvalir. Íbúðin er skráð 80.9 fm þar af geymsla 3.6 fm. Laus við kaupsamning. **Verð: 33,9 millj.**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

**Kjöreign ehf**
TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

### Jökulgrunn 1, Reykjavík

**Opið hús miðvikud. 12. okt. frá kl. 17:00 – 17:30.**




Vel skipulagt endaraðhús á einni hæð, 94 fm. Aukin lofthæð er í húsinu. Upphitað bílastæði er á lóðinni fyrir framan húsið. Heimild er fyrir byggingu sólskála út frá stofunni. Forstofa, hol, eldhús, stofa, sólstofa, svefnherbergi, þvottahús/geymsla og baðherbergi.
**Afnot hússins eru bundin við aldraða íbúa skv. skilmálum Sjómannadagsráðs Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Verð 46,5 millj. Uppl. Þórarinn Friðriksson lögg. fast. S: 844-6353.**

Dan V.S. Wiium - hdl. lögg. fast. s: 896 4013

**búmenn**

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogur
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

### Búmenn auglýsa íbúð

**Búseturéttur á markaðsverði**



**Prestastígur 8, íb. 303 Rvk.**
Til sölu er búseturéttur í 4ra herbergja íbúð sem er um 108 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara. Svalir yfirbyggðar. Íbúðin er á þriðju hæð í fjögurra hæða fjölbýlishúsi með lyftu. Aðgangur að samkomuhúsi fylgir. Ásett verð búseturéttarins er **8 milljónir** kr og eru mánaðagjöldin **191 þús kr.**


**ALLTAF VIÐ HÖNDINA**

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Ljósakur 4 – Garðabæ. 2ja herbergja á jarðhæð m. sérinngangi.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Afar glæsileg 74,9 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og stórum suðursvölum í nýlegu og vönduðu 6 íbúða húsi. Aðgengi að íbúðinni er mjög gott þar sem gengið er beint inn af jarðhæð og engir þröskuldar eru í íbúðinni. Íbúðin er öll innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt með vönduðu parketi á gólfum og sérsmíðuðum innréttingum frá Axis í eldhúsi og baðherbergi. **Verð 37,5 millj.**

### Grettisgata 96. 4ra – 5 herbergja íbúð. Suðursvalir.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og björt 131,5 fm. íbúð með góðum suðursvölum á 2. hæð í 4 íbúða fjölbýlishúsi við Grettisgötu. Möguleiki er að bæta við þriðja svefnherberginu á kostnað geymslubúrs og hluta af holi líkt og upphaflega teikningar gera ráð fyrir. Rúmgóðar samliggjandi stofur með stórum gluggum til suðurs. Sérgeymsla fylgir eigninni auk útleiguherbergis í risi sem er í sameign þriggja íbúða í húsinu. **Verð 44,9 millj.**

### Safamýri 27. 4ra herb. með sérinngangi.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og mjög lítið niðurgrafin 109,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í rúmgott hol, rúmgóð stofu/borðstofu, endurnýjað eldhús með fallegum ljósum innréttingum og góðri borðaðstöðu og þrjú góð herbergi. Sér geymsla í kjallara. **Verð 38,9 millj.**

### Ránargata 15. 3ja herbergja íbúð. Stórar svalir til suðurs.

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45**




Góð 90,1 fm. íbúð á 2. hæð með stórum svölum til suðurs í steinsteyptu þríbýlishúsi. Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir og því mjög björt. Lofthæð í íbúð er um 2,75 metrar. Svalir útaf stofum til suðurs eru um 15 fm. að stærð og markísa er yfir hluta þeirra. Af svölum er stigi niður á sameiginlega lóð. <B>Frábær staðsetning í góðu göngufæri við miðborgina. **Verð 41,9 millj.**



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún M. Hafsteinsdóttir**

Granaskjóli 6,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 4. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 13. október kl. 15.00.

**Jóhannes Kr. Jónsson**
**Bára Jóhannesd. Guðrúnard. Guðmann S. Magnússon**
**Guðjón Jóhannesson Guðmunda Ásgeirsdóttir**
**Albert Jóhannesson Jóhanna Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskulegur bróðir okkar,

**Magnús Briem**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2 í Reykjavík laugardaginn 8. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Eggert Briem**
**Ingibjörg Briem**
**Jóhannes Briem**
**Ragna Briem**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns,

**Aðalgeirs Guðmundssonar**

Sandgerði, Glerárhverfi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á öldrunarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

**Sigrún Arnþórsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



Elskulegur eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

**Viktor Ægisson**

húsgagnasmíðameistari,
Hverafold 20, Reykjavík,

lést sunnudaginn 2. október. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 13. október klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins eða Krabbameinsfélagið.

**Guðrún Baldursdóttir**
**Ægir Viktorsson Sigríður Kjartansdóttir**
**Kristín Viktorsdóttir**
**Viktoría Unnur Viktorsdóttir Ingimar Óskar Másson**
**Ægir Vigfússon**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elísa Steinunn Jónsdóttir**

er lést 1. október, verður jarðsungin frá Neskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 12. október klukkan 15.

**Jón Gunnar Schram**
**Kári Guðmundur Schram Íris Huld Einarsdóttir**
**Þóra Björk Schram Gunnar Rafn Birgisson**
**Kristján Schram Elizabeth Nunberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



**„Það er dásamlegt að fylgjast með fólki sem hefur fengið stimpilinn laglaus og heyra það flytja laglínur," segir Sólrún.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Líkaminn er hljóðfæri

**Söngkonan Sólrún Bragadóttir hefur sett á stofn nýjan skóla, Söngskólann Allelúja. Hann er í Tónskóla Sigursveins og er opinn lagvissum og laglausum og öllum þar á milli.**

„Ég er að byggja upp námskeið fyrir alla sem vilja kynnast röddinni sinni og nota hana. Þar eru þrjár kjarnaleiðir, ein fyrir sólóista, önnur fyrir söngáhugafólk og sú þriðja fyrir þá sem kjósa radd- og sjálfseflingu," segir Sólrún Bragadóttir söngkona um starfsemi síns nýstofnaða söngskóla Allelúja sem er til húsa í Tónskóla Sigursveins í Hraunbergi í Breiðholti.

Hún kveðst hafa afbragðs fólk með sér við skólann. „Við héldum opnunarhátíð síðasta fimmtudag í Fella- og Hólakirkju, þar mætti fólk á öllum aldri sem söng og hreyfði sig og þar myndaðist dásamlegur kór," segir hún. Tekur þó fram að námið í skólanum verði einstaklingsmiðað, hvort sem um verði að ræða sólósöngvara eða jafnvel einhverja sem aldrei hafi sungið. „Það er dásamlegt að fylgjast með fólki sem hefur fengið stimpilinn laglaus og heyra það flytja laglínur. Fá það til að nota röddina og frelsast á vissan hátt." Hún segir röddina vera vissan spegil á líðan fólks. „Líkaminn er í raun hljóðfæri; streita, áreiti og ójafnvægi hefur áhrif á slímhúðina og þá líka röddina," útskýrir hún og kveðst byggja kennsluna á eigin reynslu. Sólrún býr bæði á Íslandi og Ítalíu. „Ég er að færa mig meira heim og skapa grundvöll fyrir skólastarfið hér en tengi það líka sumarskóla á Ítalíu. Þar er ég búin að fá aðgengi að fallegu klaustri og þangað getur fólk komið og unnið með röddina sína," segir hún.

> **Ég er að færa mig meira heim og skapa grundvöll fyrir skólastarfið hér en tengi það líka sumarskóla á Ítalíu.**

Þetta haust er prufutími að sögn Sólrúnar. „Við njörvum námið ekki niður eins og venjulegir tónlistarskólar. Fyrsta námskeiðið byrjaði 7. október hjá okkur og svo erum við líka með helgarnámskeið og enn auðvelt að hafa samband og skrá sig," segir Sólrún sem er með heimasíðuna www.soulflowsinging.com

**gun@frettabladid.is**



Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**Þorgerður Kristín Jónsdóttir**

Lönguhlíð 26,
Akureyri,

sem varð bráðkvödd 29. september, verður jarðsungin frá Glerárkirkju föstudaginn 14. október kl. 13.30.

**Eva Sólveig Úlfsdóttir Einar Ingi Einarsson**
**Jón Stefánsson Kristín Sigurðardóttir**
**Jón Stefán Jónsson Sigurlína Stefánsdóttir**
**Tjörvi Jónsson**
**Aron Geir, Hilmar Daði og aðrir aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Marta Guðrún Jóhannsdóttir**

lést á heimili sínu Arnarstapa á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 30. september sl. Útför verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn 14. október kl. 15.

**Kristinn Víglundsson Erla Guðbjörnsdóttir**
**Jóhann Víglundsson Lilja Magnúsdóttir**
**Birgir Víglundsson Marta Hauksdóttir**
**og fjölskyldur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Guðlaug Hanna Friðjónsdóttir**

Hjallabraut 33,
Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum föstudaginn 7. október. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Hulda Ó. Scoles Dave Scoles**
**Anna Ólafsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir Adolf Örn Kristjánsson**
**Friðjón Ólafsson Erna Hrönn Herbertsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**Nína Sólveig Jónsdóttir**

Laxakvísl 14, Reykjavík,

lést á heimili sínu 3. október sl. Útför hennar frem fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 14. október kl .15.

**Kristján Bergsson**
**Hrefna Líneik Jónsdóttir**
**Albert Kristjánsson Breki Freyr Albertsson**
**Kristín Kristjánsdóttir Gísli Galdur Þorgeirsson**
**Sindri Kristjánsson**
**Bjarki Kristjánsson Aldís Ásgeirsdóttir**
**Kristján Veigar Kristjánsson Arna Hlín Sigurðardóttir**
**Bríet Eyja, Kristján Galdur og Róbert**



„Það vakti gríðarlega athygli að félagslið frá Íslandi næði svona langt,“ segir Björn um árangur íslensku briddssveitarinnar fyrir 25 árum úti í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aldarfjórðungur liðinn frá Bermúdaskálinni

**Íslendingar náðu þeim einstæða árangri að verða heimsmeistarar í bridds fyrir 25 árum úti í Japan. Björn Eysteinsson ferðaskrifstofustjóri var fyrirliði sveitarinnar.**

„Þetta eru tímamót, það er alveg rétt. Að landa heimsmeistaratitlinum var stór viðburður á sínum tíma og hann lifir,“ segir Björn Eysteinsson sem var fyrirliði íslensku briddssveitarinnar á heimsmeistaramótinu í Yokohama í Japan árið 1991. „Það vakti gríðarlega athygli að félagslið frá Íslandi næði svona langt,“ rifjar hann upp og segir Briddssambandið ætla að halda veglegt afmælisteiti í byrjun næsta mánaðar.

Gríðarleg stemning skapaðist kringum mótið hér heima, enda segir Björn ákveðna blaða- og fréttamenn hafa haldið landsmönnum vel upplýstum um gengi sveitarinnar. „Bjarni Fel hjá útvarpinu var í stöðugu sambandi dag og nótt og DV tók forsíðu blaðsins undir landsliðið í tvo til þrjá daga.“

Auk Björns var briddssveitin skipuð þeim Aðalsteini Jörgensen, Erni Arnþórssyni, Guðlaugi R. Jóhannssyni, Guðmundi Páli Arnarsyni, Jóni Baldurssyni og Þorláki Jónssyni. Við heimkomuna var þeim fagnað með eftirminnilegum hætti í Leifsstöð, þar sem Davíð Oddsson forsætisráðherra stakk upp á að glösum yrði lyft og ekki bara hrópað skál, heldur Bermúdaskál, eftir verðlaunagripnum eftirsótta sem þeir komu með.

Mikil briddsvakning varð meðal þjóðarinnar eftir þennan frækilega sigur. Þegar gerð var skoðanakönnun ári síðar á því hversu margir spiluðu bridds sér til gamans reglulega voru það 25 prósent þeirra sem talað var við. „Enn er heilmikill fjöldi sem hittist í heimahúsum til að spila bridds þó það fólk keppi ekki,“ segir Björn og upplýsir að fimm þeirra sem voru í sigursveitinni spili keppnisbridds enn, þar á meðal hann, enda kveðst hann mæta á æfingar einu sinni í viku hjá Briddsfélagi Reykjavíkur.

Björn er í golfinu líka og rekur eigin golfferðaskrifstofu. Hún heitir því ágæta nafni Betri ferðir. Hann kveðst skipuleggja styttri og lengri golfferðir til margra Evrópulanda. „Eftir að gengi íslensku krónunnar hefur styrkst er mun hagkvæmara fyrir golfara að fara í pakkaferðir,“ bendir hann á. gun@frettabladid.is

## Merkisatburðir

**1977** Opinberir starfsmenn í BSRB fara í sitt fyrsta verkfall.



**1986** Fundur Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhails Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna, hefst í Höfða í Reykjavík.
**1987** Spænsk þota verður eldsneytislaus í grennd við Ísland og nauðlendir á hafinu um 50 sjómílur vestur af Reykjanesi. Sex mönnum er bjargað úr gúmmíbjörgunarbát um borð í Þorlák ÁR.
**1988** Fyrsta konan er kosin forseti sameinaðs Alþingis og er það Guðrún Helgadóttir.
